# FRÉTTABLAÐIÐ

63. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 15. MARS 2019




Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, tekur við lyklum í dómsmálaráðuneytinu í dag, eftir afsögn Sigríðar Andersen. Dómsmálin bætast við málaflokkana sem Þórdís hefur þegar á sinni könnu, nýsköpun, iðnað og ferðamál. Hún var áður aðstoðarmaður Ólafar Nordal, þegar hún var innanríkisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR


FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir frá því í gær er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**


## Þetta verða tvö verðug verkefni

**FÓTBOLTI** Þjálfarateymi íslenska karlalandsliðsins tilkynnti í gær hvaða 23 leikmenn yrðu í landsliðshópnum fyrir leiki gegn Andorra og Frakklandi í undankeppni Evrópumótsins 2020. Þjálfari landsliðsins, Erik Hamrén, á von á tveimur mismunandi en erfiðum leikjum. „Þessi lið eru ákveðnar andstæður, Frakkland er risaveldi í knattspyrnuheiminum á meðan fólk býst við stórsigri gegn Andorra. Þetta verða tvö verðug verkefni en við stefnum á sigur í báðum leikjum.“



**– kpt /** **sjá síðu 14**

# Klár vilji ráðherrans að áfrýja

**Nýr dómsmálaráðherra segir engan vafa í sínum huga um að nauðsynlegt sé að áfrýja dómi MDE. Hún sinnir stöðunni tímabundið. Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir og Birgir Ármannsson líklegir arftakar.**

**STJÓRNMÁL** Að mati Þórdísar Kolbrúnar Reykfjörð Gylfadóttur, nýs dómsmálaráðherra, er mikilvægt að áfrýja dómi Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE), en líkt og fram hefur komið beið íslenska ríkið lægri hlut í Landsréttarmálinu svokallaða fyrir MDE, þegar Sigríður Á. Andersen skipaði dómara við Landsrétt.

Þórdís segir ákvörðun um áfrýjun undir sér komna. „Sú ákvörðun að áfrýja dómnum hefur auðvitað verið til skoðunar síðan dómurinn birtist á miðvikudag. En það er klár vilji minn að við áfrýjum. Þarna undir eru svo miklir hagsmunir að ég tel það nauðsynlegt,“ segir Þórdís, sem tekur formlega við lyklum að ráðuneyti dómsmála í dag, eftir afsögn Sigríðar. „Þetta er fordæmalaus niðurstaða,“ segir Þórdís. „Dómurinn er klofinn og að mínu viti kemur fram slík gagnrýni í minnihlutaálitinu að það er eðlilegt að láta á það reyna á æðra dómstigi MDE.“

Hún segir þó mikilvægt að stigið sé varlega til jarðar til að passa upp á gildi þrígreiningar ríkisvalds. „Málið varðar eina af grunnstoðum samfélagsins, réttarkerfið okkar. Það er lykilatriði að sé stigið varlega til jarðar þegar kemur að því að freista þess að löggjafar- og framkvæmdavaldið skýri stöðu mála hraðar. Huga þarf að því að ekki verði aukið við réttaróvissu og að leyst verði úr málum af yfirvegun,“ útskýrir Þórdís.

Von er á tilkynningu frá Landsrétti í dag um starfsemi réttarins, en ákveðið var að fresta öllum dómsmálum út vikuna eftir að dómur barst. Heimildir blaðsins herma að rétturinn muni hefja störf að nýju en málum verði ekki útdeilt til þeirra fjögurra dómara sem niðurstaða MDE tekur til.

Enn frekar herma heimildir blaðsins að Þórdís muni eingöngu sinna embætti dómsmálaráðherra þar til Landsréttarmálið er komið í farveg. Eftir þann tíma sé helst litið til tveggja þingmanna Sjálfstæðisflokksins til þess að taka við ráðuneytinu, annars vegar ritara flokksins og formanns utanríkismálanefndar, Áslaugar Örnu Sigurbjörnsdóttur, og hins vegar þingflokksformannsins Birgis Ármannssonar. Birgir og Áslaug eru menntaðir lögfræðingar og njóta bæði trausts innan flokksins. Áslaug hefur, þrátt fyrir ungan aldur, staðið sig vel í formennsku þingnefnda og í forystuhlutverki innan flokksins. **– ósk /** **sjá síðu 2**






Síðasti ríkisráðsfundur Sigríðar Á. Andersen sem dómsmálaráðherra, að minnsta kosti í bili, fór fram á Bessastöðum í gær. Þórdís Kolbrún tekur nú við ráðuneytinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Stjórnarhasar

Mikið gekk á í íslenskri pólitík í gær þegar Sigríður Á. Andersen kvaddi dómsmálaráðuneytið og Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir tók við taumunum. Ljósmyndarar Fréttablaðsins fylgdust vel með.



Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra ræðir við Sigríði eftir ríkisstjórnarfund. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Sigríður Á. Andersen gengur hress inn á Bessastaði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Bjarni Benediktsson ræðir við fjölmiðla. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Þórdís Kolbrún, nú dómsmálaráðherra, mætir á Bessastaði á ríkisráðsfundinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




Bætir heldur í vind og úrkomu S- og SV-lands seint í dag og kvöld. Hiti 0 til 5 stig yfir daginn.

SJÁ SÍÐU 18

# Landsréttur mun starfa án fjögurra dómara

**DÓMSMÁL** Von er á tilkynningu frá Landsrétti í dag um starfsemi réttarins. Heimildir herma að rétturinn muni hefja störf að nýju en málum verði ekki útdeilt til dómaranna fjögurra sem niðurstaða Mannréttindadómstóls Evrópu tekur til. Því muni aðeins ellefu dómarar starfa við réttinn að sinni.

Með vísan til grunnreglu um sjálfstæði dómsvaldsins verða mál sem hefur verið úthlutað til dómara ekki tekin af honum nema að hans frumkvæði. Fjórmenningarnir þurfa því að ákveða hvort þeir segi sig frá þeim málum sem þeir hafa þegar fengið til meðferðar á meðan óvissa ríkir um endanlega niðurstöðu málsins verði því vísað til yfirdeildar MDE. Forseti Landsréttar úthlutar málum til dómara. Hans hlutverk er að ákveða hvort þeir fái ný mál. Ráðherra eða löggjafinn þarf svo að greiða úr óvissu sem ríkir um stöðu dómaranna fjögurra.

Verði óskað eftir endurskoðun yfirdeildar MDE á málinu kemur einnig til greina að setja fjóra nýja dómara við réttinn tímabundið, sem dómstólalög heimila í brýnni nauðsyn. Ráðherra myndi þá setja dómara að fenginni tillögu hæfisnefndar. Auglýsa þyrfti slík embætti ef setja á dómara til lengri tíma en sex mánaða. Meira en ár geti verið til endanlegs dóms frá Strassborg, verði ákveðið að óska eftir endurskoðun.

Verði hins vegar ákveðið að una dóminum þarf að gera breytingar á skipun Landsréttar. Ætla verður að löggjafinn þurfi að koma að því verkefni enda verður dómurunum fjórum ekki vísað úr embætti nema með dómi. Örðugt er að sjá á hvaða grundvelli mál gegn þeim yrði.

Lögfræðingar sem Fréttablaðið ræddi við telja mögulegt að leggja stöður þeirra niður með lögum, setja þær svo í lög á ný og hefja skipunarferli að nýju. Önnur leið væri að kanna vilja dómaranna fjögurra til að semja um starfslok og auglýsa stöður þeirra að nýju. **– aá**

# Gleðilegt nýtt hár



**Þessir hársnyrtinemar stóðu sig afar vel í Laugardalshöllinni í gær. Fyrsti dagur Minnar framtíðar 2019, Íslandsmóts iðn- og verkgreina og framhaldsskólakynningar, fór þar fram í gær. Mótinu lýkur á morgun.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir úr Laugardalshöll er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**



**Í Fljótum.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Orkusalan vill virkja í Fljótum

**ORKUMÁL** Fulltrúar Orkusölunnar mættu á fund byggðarráðs Skagafjarðar á dögunum að kynna fyrirhuguð virkjunaráform í Tungudal í Fljótum. „Málið hefur ekki áður komið inn á borð byggðarráðs enda málið á algeru frumstigi. Eftir fyrstu kynningu er ljóst að meta þarf áhrif slíkrar framkvæmdar fyrir Fljótin og Skagafjörð, en virkjunin myndi framleiða um 2 MW af rafmagni," bókaði byggðarráðið. „Ljóst er að afla þarf frekari gagna og fara í meiri rannsóknarvinnu á svæðinu ætli forsvarsmenn þessa verkefnis að halda með það áfram."

Málið var síðan tekið fyrir í sveitarstjórn á miðvikudag sem tók í sama streng. **– gar**




**Mislingar hafa ekki haft mikil áhrif á bráðamóttöku Landspítalans. Fáir hafa sýkst.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Á tánum þrátt fyrir ekkert staðfest nýsmit

## Hvert nýtt tilfelli mislinga færir viðbragðsstöðu heilbrigðisyfirvalda aftur um þrjár vikur. Svo virðist sem ekki séu til miklar birgðir af bóluefni í Evrópu. Sóttvarnalæknir segir alla hafa staðið sig vel í að berjast gegn faraldri.

**HEILBRIGÐISMÁL** Líklegt þykir að sjötta mislingasmitið sem talið er hafa komið fram í 19 mánaða dreng sé ekki smit af völdum mislinga heldur aðeins aukaverkun af bólusetningu sem drengurinn fór í þremur vikum áður. Drengurinn er ekki veikur að öðru leyti, til að mynda með hita eða eitthvað slíkt, heldur aðeins dauf útbrotseinkenni.

Því telja yfirvöld líklegra að aðeins fimm tilfelli hafi greinst af mislingum en vilja hafa vaðið fyrir neðan sig í þeim efnum. Aðeins minna er til af bóluefni gegn mislingum en vonast var til. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins virðist einnig vera skortur á bóluefninu í Evrópu og ekki búið að útvega meira af því en það sem kemur til landsins í þessari viku vegna þessa.

Leiðbeiningar verða gefnar út um dreifingu bóluefnisins. Að mörgu leyti hefur gengið afar vel að berjast við mislingana nú og Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir er ánægður með árangurinn. „Þetta hefur tekist vel og heilsugæslurnar unnið frábært starf. Við getum hins vegar ekki fagnað of snemma því enn geta ný smit komið upp þar sem allt að þrjár vikur getur tekið fyrir sýktan einstakling að fá einkenni," segir Þórólfur. „Gríðarmargir hafa verið bólusettir og von er á því að fleiri verði bólusettir á næstu dögum og við erum ánægð með að allir í þessari keðju hafa staðið sig vel."

> **Við getum hins vegar ekki fagnað of snemma því enn geta ný smit komið upp.**
>
> Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir



Enn er verið að fylgjast með tugum einstaklinga sem eru í heimasóttkví bæði fyrir austan og á höfuðborgarsvæðinu. Vonast er til að sem fæstir af þeim séu sýktir af mislingum.

Landspítali, heilsugæslur og sóttvarnalæknir hafa haldið daglega fundi um faraldurinn til að ráða ráðum sínum. Þar eru menn enn á tánum enda sagt að hvert nýtt tilfelli færi stöðuna aftur á byrjunarreit, eða um þrjár vikur.

sveinn@frettabladid.is




**HÚSASMIÐJAN**
HLUTI AF BYGMA

**Nýtt Húsasmiðjublað**
er komið út stútfullt af frábærum tilboðum. Skoðaðu blaðið á husa.is




# SJÓÐANDI HEIT TILBOÐ

Komdu í Húsasmiðjuna og gerðu klikkuð kaup á Rauðum dögum.
Fullar verslanir af flottum vörum á enn betra verði.

**20% afsláttur**
af öllum Nilfisk háþrýstidælum

Jotun gæði, lægra verð!
Verð á lítra **866**kr
9 ltr.
**7.796**kr
~~10.395~~ kr
**25% afsláttur**
**Jotun vegg- og loftamálning**
Einstök málning sem hentar bæði á loft og veggi. Auðveld í notkun, þekur vel.
7119781-83

**20% afsláttur**
af öllu parketi

Sjáðu verðið!
Kynningaverð, aðeins 100 stk.
Electrolux
**49.990**kr
~~59.990~~ kr
**Þvottavél 1200 sn.** EW6S427W
Tekur 7kg og með A+++ orkunýtingu,
1805436

Sjáðu verðið!
**48% afsláttur**
Kynningaverð aðeins 100 stk., í boði
**12.995**kr
~~24.995~~ kr
**Rafmagnshekkklippur CH55Y**
560W, 55 cm, klippigeta 20 mm, þyngd 4 kg, vandaðar klippur
5085414

**25% afsláttur**
af allri LADY málningu

**30% afsláttur**
BLACK+DECKER
**12.596**kr
~~17.995~~ kr
**Fjölnotavél** MT300KA
300W, sagar og pússar, allir fylgihlutir í tösku.
5245980

**25% afsláttur**
af öllum GROHE og Damixa blöndunartækjum
GROHE
damixa

**Byggjum á betra verði**






# Iðngreinar til sýnis í Laugardalshöll

Fyrsti dagur Minnar framtíðar 2019, Íslandsmóts iðn- og verkgreina og framhaldsskólakynningar, fór þar fram í gær en mótinu lýkur á morgun. Þar sýndu fulltrúar úr iðn- og verknámi snilli sína og hvöttu gesti og gangandi væntanlega til þess að íhuga skráningu í slíkt nám. Anton Brink, ljósmyndari Fréttablaðsins, fylgdist með.







# Framkvæmdastjóri Kadeco verið á framlengingu í tvö ár

**STJÓRNSÝSLA** Tímabundin ráðning framkvæmdastjóra Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar (Kadeco) frá því í ágúst 2017 hefur nokkrum sinnum verið framlengd af stjórn félagsins. Starfið var aldrei auglýst og ráðningin tímabundin enda hafði staðið til að leggja Kadeco niður. Tæpum tveimur árum síðar ríkir enn ákveðin óvissa um framtíðarstarfsemi félagsins og engin ákvörðun verið tekin um stöðu framkvæmdastjórans.

Marta Jónsdóttir var ráðin tímabundið framkvæmdastjóri Kadeco í ágúst 2017 án auglýsingar þegar fyrirrennari hennar, Kjartan Þór Eiríksson, neyddist til að segja starfinu lausu eftir að fjallað var um kaup viðskiptafélaga hans á fasteignum á Ásbrú. Meginverkefni félagsins var að koma eignum varnarliðsins í borgaraleg not. Félagið er í eigu ríkisins. Stjórn þess er pólitískt skipuð.

Í júní 2017 hafði Benedikt Jóhannesson, þáverandi fjármálaráðherra,



**Marta Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Kadeco.**

boðað að Kadeco yrði lagt niður í núverandi mynd þegar ný stjórn tók við. Nokkrum vikum síðar sagði Kjartan af sér og Marta, sem var lögfræðingur félagsins, tók tímabundið við framkvæmdastjórastöðunni .

Í svari við fyrirspurn blaðsins segir fjármálaráðuneytið að kaflaskil hafi orðið í starfsemi félagsins 2017 þegar þessu meginverkefni þess var að ljúka. Síðan hefur stjórn unnið að endurskipulagningu, einföldun reksturs og efnahags félagsins auk þess að ganga frá fjárhagslegu uppgjöri við ríkissjóð. Þá hefur stjórn verið falið að vinna tillögur að næstu skrefum. Óljóst er hver þau verða.

„Ríkið vinnur nú að mótun framtíðarfyrirkomulags í samvinnu við sveitarfélögin og Isavia. Ef aðilar ná saman, kemur til greina að Kadedco verði vettvangur fyrir samstarfið.“

Í svarinu er vísað til þess að stjórn beri ábyrgð á ráðningu framkvæmdastjóra sem starfi í umboði stjórnar. „Ráðningin hefur verið framlengd nokkrum sinnum og lýkur núverandi tímabili í júní nk. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um stöðu framkvæmdastjóra eftir það.“ **– smj**

## Þingið lagðist gegn Trump

**BANDARÍKIN** Öldungadeild bandaríska þingsins lagðist í gær gegn ákvörðun Donalds Trump forseta um að lýsa yfir neyðarástandi. Trump vildi með því tryggja fjármagn fyrir byggingu veggjar á landamærunum við Mexíkó en drjúgur meirihluti þingmanna, 59 af 100, lagðist gegn yfirlýsingunni.

**» Meirihluti öldungadeildarinnar lagðist gegn neyðarástandsyfirlýsingu Trumps en forsetinn hyggst beita neitunarvaldi.**

Vert er að nefna að Repúblikanar hafa 53 sæti en Demókratar og óháðir 47. Nokkrir Repúblikanar, til að mynda fyrrverandi forsetaframbjóðandinn Mitt Romney, greiddu sem sagt atkvæði með því að hafna neyðarástandsyfirlýsingu.

Trump var snöggur að bregðast við niðurstöðunni. „VETO!“ sagði hann á Twitter og átti þar augljóslega við að hann ætlaði að beita neitunarvaldi forseta í málinu. Til þess að komast framhjá neitunarvaldinu þarf öldungadeildin að greiða atkvæði öðru sinni og þurfa tveir af hverjum þremur þingmönnum að standa saman gegn forsetanum. **– þea**

FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Staðan á ábyrgð stjórnvalda

**Alþjóðlegt endastöðvasamkomulag, mikil fækkun bréfa og sinnuleysi stjórnvalda eiga sök á slæmri stöðu Íslandspósts að mati stjórnenda. Forsendur fyrir rekstrinum hafi brostið fyrir mörgum árum.**

**SAMKEPPNI** Að mati stjórnenda Íslandspósts ohf. (ÍSP) liggur endanleg ábyrgð á slæmri stöðu fyrirtækisins ekki hjá þeim heldur hjá stjórnvöldum. Ummæli þessa efnis má finna í fundargerðum fyrirtækisins.

Líkt og Fréttablaðið hefur fjallað ítarlega um hefur ríkið lánað ÍSP 500 milljónir króna til að mæta lausafjárþurrð félagsins. Fyrir jól var samþykkt á þingi að veita allt að milljarð til viðbótar í lán eða auka hlutafé sem því nemur. Þær tillögur bárust frá handhafa hlutabréfsins, það er fjármálaráðuneytinu, en ekki stjórn félagsins. Aðalfundur þess var áætlaður í lok febrúar en var skyndilega frestað.

Í málflutningi ÍSP hefur komið fram að tapið megi rekja til mikillar fækkunar bréfa og óhagstæðra alþjóðlegra endastöðvasamninga. Samkvæmt samningnum eru ríki flokkuð í þróunarríki og iðnríki. Sendingum frá fyrrnefnda flokknum hefur verið dreift hér á landi með gífurlegu tapi. Áætlað er að niðurgreiðsla ríkisins á sendingum erlendis frá vegna þessa nemi um þremur milljörðum króna.

„Stjórn taldi stöðuna mjög alvarlega og ljóst að stjórnvöld þyrftu að koma að málinu, enda eru þau í reynd ábyrg fyrir samningum Alþjóðapóstsambandsins [UPU] og verðlagningu póstþjónustu milli landa,“ segir í fundargerð stjórnar frá í júní 2017. Fulltrúi Íslands á fundum UPU er starfsmaður ÍSP.

Fyrirspurn blaðsins um hví ÍSP hefði ekki velt þessum kostnaði yfir á neytendur var svarað með því að samningurinn stæði þar í vegi. Þrátt fyrir það er gert ráð fyrir því í frumvarpi til nýrra póstþjónustulaga að gert sé ráð fyrir kostnaðinum í gjaldskrá. Að öðru leyti er ákvæðið samhljóða núgildandi ákvæði.




**Upphaflegar tillögur að stækkun miðstöðvar á Stórhöfða hljóðuðu upp á 2,2 milljarða.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Fjárhagslegur grundvöllur til þess að halda uppi starfsemi í samræmi við rekstrarleyfi er löngu brostinn.**
>
> Bókun stjórnar ÍSP á fundi í júní 2016

Fyrirspurn til samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytisins um hvort ÍSP hafi verið slíkt heimilt samkvæmt núgildandi lögum, sem send var í janúar, hefur ekki verið svarað.

Í fundargerðunum er einnig vikið að því að ábyrgð stjórnenda samkvæmt hlutafélagalögum sé skýr en komi ekki heim og saman við rekstrarumhverfi fyrirtækisins. Vald til þess að hlutast til um þætti í rekstri fyrirtækisins liggi í raun annars staðar og rekstur alþjónustu í óbreyttri mynd sé kominn á leiðarenda. Þá er þar einnig fjallað um seinagang Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) við að samþykkja eða synja gjaldskrárhækkunum en ÍSP hefur áætlað tekjutap upp á hundruð milljóna vegna slíks.

„Stjórn og stjórnendur ÍSP telja óverjandi að halda áfram rekstri póstþjónustunnar við óbreyttar aðstæður. Fjárhagslegur grundvöllur til þess að halda uppi starfsemi í samræmi við rekstrarleyfi er löngu brostinn,“ segir í bókun stjórnar í júní 2016.

Því má halda til haga að á næsta fundi ræddu stjórnarmenn tillögur um stækkun flutningamiðstöðvar fyrirtækisins að Stórhöfða en tillaga framkvæmdastjórnar hljóðaði upp á allt að 2,2 milljarða framkvæmdir. Þá fannst rými á fundi í desember 2017 til að hækka laun forstjóra, fyrst afturvirkt í hálft ár um 25 prósent og síðan frá áramótum 2018 um 11 prósent. Þá hækkuðu launin um þrjú prósent í maí 2018. Alls nemur hækkunin því 43 prósentum.

**joli@frettabladid.is**

Notalegir Opel Corsa



Innifalið í notuðum Opel Corsa:
- Bensín í heilt ár
- Þjónusta í heilt ár
- Kílómetrastaðan staðfest
- Árs-ábyrgð á vél og drifbúnaði
- Verð frá 990.000 kr.

Bílabúð Benna | benni.is

Reykjavík
Krókháls 9 | Sími: 590 2035

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Opnunartímar:
Virka daga 9-18
Laugardaga 12-16




**Bernhard - Honda á Íslandi** • Vatnagörðum 24 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.honda.is
**Umboðsaðilar:** Bílver, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535



Rannsakendur kemba í gegnum brak á vettvangi slyssins. NORDICPHOTOS/AFP

# Frakkar fengu flugritann úr vél Ethiopian Airlines

**FRAKKLAND** Sendinefnd frá Eþíópíu flaug í gær til Parísar, höfuðborgar Frakklands, til þess að afhenda þarlendum rannsakendum flugrita og upptökutæki úr stjórnklefa Boeing 737 MAX-flugvélar Ethiopian Airlines sem hrapaði um síðustu helgi með þeim afleiðingum að öll 157 um borð fórust. Frá þessu greindi flugfélagið á Twitter í gær en Boeing hefur kyrrsett allan 737 MAX-flotann vegna slyssins, sem og vegna fyrra flugslyss Lion Air.

Franskir rannsakendur munu nú skoða gögnin en samkvæmt Deutsche Welle á rannsókn að hefjast í dag. Samkvæmt BEA, stofnuninni sem heldur utan um slíkar rannsóknir í Frakklandi, gæti tekið nokkra daga að fá fyrstu niðurstöðurnar.

Bandaríkjamenn ætla að hjálpa Frökkum við rannsóknina en þrír

**Boeing hefur kyrrsett allar 737 MAX-vélar eftir tvö mannskæð flugslys.**

bandarískir rannsakendur ferðuðust til Frakklands í gær í þeim tilgangi. Þrír til viðbótar eru svo við störf í Eþíópíu.

Kyrrsetningin veldur bæði Boeing tjóni og þeim flugfélögum sem hafa 737 MAX-vélar í flotanum. Þess vegna vonast Boeing til að leysa málið sem fyrst. Framleiðandinn sagðist í vikunni vera að vinna að hugbúnaðaruppfærslu fyrir flugvélarnar. Greinendur hjá Bank of America sögðust svartsýnir í gær og telja að það gæti tekið allt að hálft ár að innleiða uppfærsluna. – þea









# Heimilislausir í Víðinesi eru uggandi

**SAMFÉLAGSMÁL** Íbúar í Víðinesi, tímabundnu úrræði fyrir heimilislausa, segjast ekki fá svör um framtíð sína frá Reykjavíkurborg. Svanur Elí Elíasson sem hefur búið í Víðinesi í dágóðan tíma segir íbúa upplifa afskiptaleysi borgaryfirvalda. „Við spyrjum reglulega um framtíð okkar en fáum engin svör,“ segir Svanur.

„Ég á von á því að stýrihópur um stefnu í málefnum utangarðsfólks eða jaðarsettra einstaklinga leggi fram tillögur á fyrsta fundi velferðarráðs í apríl og þar verði tillögur varðandi Víðines. Það hefur verið til umræðu að auglýsa eftir aðilum til að reka þar áfangaheimili. Við höfum ekki verið að taka nýja íbúa inn og leggjum áherslu á að aðstoða þá sem eru þarna í dag til að finna varanlega lausn,“ segir Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Víðines er úrræði fyrir fólk sem á við húsnæðis- og/eða vímuefnavanda að etja. Upphaf þess að Víðinesið var tekið í notkun var að hópur einstaklinga dvaldi á tjaldstæði í Laugardal við óviðunandi aðstæður. Víðines var í upphafi hugsað sem tímabundið neyðarhúsnæði til að koma fólki undir þak þar til önnur viðeigandi húsnæðislausn fyndist.

Sett voru viðmið um dvöl íbúa. Að vera sjálfbærir um aðföng, vera húsnæðislausir og án húsaleigusamnings. Eitt af viðmiðunum var að auki að íbúarnir ættu ekki að hafa þörf fyrir ríka þjónustu, geta búið innan um aðra og glíma ekki við alvarlegan fíknivanda. Gerðir eru dvalarsamningar við íbúa til tveggja mánaða í senn.

„Við, sem líkar vel búsetan hér, myndum vilja gera dvalarsamninga til lengri tíma til þess að fá húsnæðisuppbót og önnur réttindi sem fylgja fastari búsetu. Ég hef verið hér í dágóðan tíma og lít á Víðines sem heimili mitt. Þetta virkar hins vegar ekki fyrir alla, sumir eru einmana hér og þurfa félagsskap og einnig meiri sérfræðihjálp,“ segir Svanur sem gagnrýnir einnig að það sé fátt um fína drætti í félagslegri aðstoð til íbúanna.

kristjanabjorg@frettabladid.is



Svanur í herbergi sínu í Víðinesi með hundana sína. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞORSTEINN

> **Ég hef verið hér í dágóðan tíma og lít á Víðines sem heimili mitt.**
>
> Svanur Elí Elíasson, íbúi á Víðinesi

# Segir ekkert smámál að lækka laun Birnu

**Friðrik Sophusson, stjórnarformaður Íslandsbanka, segir hafa verið vandasamt að lækka laun Birnu Einarsdóttur bankastjóra. Umræðan vó þungt. Samanburður við ríkisforstjóra ósanngjarn. Boðar breytingar á starfskjarastefnu.**

**KJARAMÁL** „Við þurftum að ræða þetta fram og til baka, það er ekkert smámál að gera þessar breytingar,“ segir Friðrik Sophusson, stjórnarformaður Íslandsbanka, um það samkomulag að lækka laun Birnu Einarsdóttur bankastjóra um 12,5 prósent frá og með næstu mánaðamótum. Hann segir sátt hafa ríkt um niðurstöðuna innan stjórnar, hjá bankastjóranum og Bankasýslu ríkisins.

Heildarlaun Birnu lækka úr 4,4 milljónum á mánuði í rúmlega 3,8 milljónir eftir að Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, kom þeim skilaboðum til stjórna ríkisbankanna tveggja, í gegnum Bankasýslu ríkisins, að tafarlaus endurskoðun á launaskriði stjórnanna skyldi framkvæmd. Bankarnir hafa báðir brugðist við.

Friðrik og stjórn Íslandsbanka höfðu nýverið í bréfi til Bankasýslunnar varið launaákvarðanir sínar til bankastjórans sem hóflegar og ekki leiðandi. Hin skarpa launalækkun Birnu er því nokkur viðsnúningur. Friðrik segir umræðuna hafa vegið þungt.

„Það voru umræður í þjóðfélaginu, bæði bréfaskipti milli fjármálaráðuneytisins og bankasýslunnar og umræður ýmissa ráðherra um þessi launamál sem gera það að verkum að við töldum ástæðu til að endurskoða launasetningu bankastjórans.“

Friðrik bendir á að laun Birnu lækkuðu einnig að hennar frumkvæði um fjórtán prósent í upphafi árs. Með ákvörðuninni nú hafi laun hennar lækkað um nærri fjórðung síðan ríkið eignaðist bankann. Launavísitalan hafi hækkað um tæp 23,6 prósent á sama tímabili.

„En okkur hefur þótt staða Íslandsbanka sérstök og öðruvísi en hjá öðrum því sögulega hefur bankinn ekkert verið í eigu ríkisins. Hann var ekki einn þeirra sem voru einkavæddir um síðustu aldamót og Íslandsbanki og forverar hans verið í eigu einkaaðila talsvert langt aftur í tímann. Bankinn starfar auðvitað á samkeppnismarkaði og sá markaður er alltaf að breytast og það hefur meðal annars ráðið launasetningunni hingað til,“ segir Friðrik.

Þá telur hann að launasamanburður við aðra ríkisforstjóra gefi ekki alveg rétta mynd.

„Bankastjóranum er ekki heimilt að sitja í stjórnum fyrirtækja og fá fyrir það laun. En það er á allra vitorði að margir forstjórar fyrirtækja í ríkiseigu sitja í ýmsum stjórnum fyrirtækja og fá þar tekjur utan þess sem þeir hafa af aðalstarfi sínu.“

Aðalfundur Íslandsbanka fer fram í næstu viku og boðar Friðrik að þar verði kynntar breytingar á starfskjarastefnunni.

mikael@frettabladid.is

> **Það er á allra vitorði að margir forstjórar fyrirtækja í ríkiseigu sitja í ýmsum stjórnum fyrirtækja og fá þar tekjur utan þess sem þeir hafa af aðalstarfi sínu**
>
> Friðrik Sophusson, stjórnarformaður Íslandsbanka





Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka.

# ILVA

ALLTAF OPIN - VEFVERSLUN - WWW.ILVA.IS -

# LJÓSADÖGUM
## LÝKUR Á MÁNUDAG

## 20-50%
## AF ÖLLUM LJÓSUM
## 30% AF PERUM




©ILVA áskilur sér rétt að leiðrétta augljósar villur.

# MARS TILBOÐ
## FLEIRI TILBOÐ Í VERSLUN OG Á WWW.ILVA.IS




NATUZZI B900 2ja sæta sófi með stillanlegum höfuðpúða (án mótora). Svart Madison leðuráklæði. L182 cm. 449.900 kr. Nú 199.900 kr.




TOLUCA svefnsófi, dökkgrár. L157 cm. Svefnflötur 140x197 cm. 59.900 kr. Nú 49.900 kr.

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
Laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

netgíró
VALITOR

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND

# Huawei neitaði alfarið sök fyrir dómi

**BANDARÍKIN** James Cole, lögmaður kínverska tæknirisans Huawei, sagði fyrirtækið alfarið saklaust þegar þrettán liða ákæra bandaríska dómsmálaráðuneytisins fór fyrir alríkisdómstól í New York í gær. Fyrirtækið er sakað um til að mynda bankasvindl og brot á viðskiptaþvingunum gegn Íran.

Þá er Meng Wanzhou, fjármálastjóri Huawei, ákærð í öðru máli fyrir sams konar brot en það er ekki komið fyrir dóm. Meng og Huawei eiga að hafa logið að HSBC og öðrum bönkum um tengsl Huawei við fyrirtækið Skycom Tech, sem sagt er leppfyrirtæki Huawei í Íran. Huawei hefur þó haldið því fram að Skycom sé hefðbundinn viðskiptafélagi.

> **Huawei er ákært fyrir bankasvindl meðal annars.**

Samkvæmt ákærunni á Huawei að hafa notað Skycom til að selja bandarískar vörur, tækni og þjónustu en það brýtur gegn þvingunum. Peningarnir eiga svo að hafa verið sendir til Huawei með því að ljúga að bönkum.

Bandarískar leyniþjónustu-, öryggis- og heimavarnastofnanir hafa sömuleiðis sakað Huawei um að stunda njósnir fyrir hönd kínverska ríkisins. Engin slík ákæra hefur verið gefin út og Huawei hafnar þessu sömuleiðis. Kenneth Fredriksen, forstjóri Huawei í Svíþjóð, sagði í viðtali við Fréttablaðið í febrúar að þær ásakanir væru órökstuddar. – þea



Það er nokkuð dimmt yfir Huawei þessa dagana. NORDICPHOTOS/GETTY

**Ársfundur**
**Vina Vatnajökuls - hollvinasamtaka Vatnajökulsþjóðgarðs**
VINIR VATNAJÖKULS
Ársfundur Vina Vatnajökuls verður haldinn, **föstudaginn 29. mars 2019 kl.16:00**
**í Norðurstofu, Safnahússins Hverfisgötu 15, 101 Reykjavík.**
Fundarefni venjuleg aðalfundarstörf.
***Stjórnin***




# Þingið vill að útgöngu úr ESB verði frestað

**Breska þingið samþykkti tillögu um að fresta útgöngu úr Evrópusambandinu til að minnsta kosti 30. júní næstkomandi til að freista þess að koma sér saman um samning. Dagurinn var almennt góður fyrir Theresu May forsætisráðherra.**

**BRETLAND** Leitast á við að fresta útgöngu Breta úr Evrópusambandinu. Þetta var samþykkt með miklum meirihluta á breska þinginu í gær, 412 studdu tillöguna en 202 lögðust gegn henni.

Útgöngudagurinn hafði áður verið settur 29. mars og hafði Theresa May forsætisráðherra, sem og reyndar breska þingið, áður hafnað því að sækjast eftir frestun á útgöngu.

Bretar munu nú þurfa að leita á náðir Evrópusambandsins um að fá umræddan frest. Samkvæmt tillögunni vilja Bretar að útgöngu verði frestað til 30. júní, það er að segja ef þingið hefur ekki samþykkt útgöngusamning þann 20. mars. Ef enginn samningur er samþykktur þyrfti ríkisstjórnin að fara fram á að fresta útgöngu á ný.

Framkvæmdastjórn ESB sendi frá sér tilkynningu eftir að niðurstöður lágu fyrir. Þar fylgdist fólk náið með atkvæðagreiðslunni. „Beiðni um frestun krefst einróma samþykkis allra aðildarríkjanna. Það er leiðtogaráðsins að taka við slíkri beiðni, hafa í huga að nauðsynlegt er að tryggja áframhaldandi starfsemi stofnana ESB og velta fyrir sér ástæðunum fyrir frestun og lengd frestunarinnar.“

Donald Tusk, forseti leiðtogaráðsins, sagðist opinn fyrir frestun ef Bretar ná saman og breyta nálgun sinni.

Frestun útgöngu virðist nauðsynleg nú þar sem þingið samþykkti í vikunni að útiloka samningslausa útgöngu. En þótt þingið vilji ekki útgöngu án samnings er ekki þar með sagt að hvaða samningur sem er dugi. Það sést greinilega á því að þingið hefur í tvígang hafnað samningnum sem ríkisstjórn May hefur gert við ESB með miklum mun.

May hefur farið fram á þriðju atkvæðagreiðsluna um samning sinn í næstu viku til þess að freista þess að þurfa ekki að fresta útgöngu enn frekar.

Skýrandi The Times sagði að það yrði mikið verk fyrir stjórnina að ná meirihluta á bak við samninginn. Enn þarf að snúa á áttunda tug þingmanna Íhaldsflokksins, sem greiddu atkvæði gegn samningnum í vikunni, og þá þarf líka að snúa þingmönnum Lýðræðislega sambandsflokksins, norðurírska flokksins sem ver minnihlutastjórn Íhaldsflokksins vantrausti.

Jeremy Corbyn, leiðtogi Verkamannaflokksins, sagði eftir atkvæðagreiðsluna í gær að May þyrfti nú að sætta sig við að hvorki samningur hennar né samningslaus útganga væru raunhæfir möguleikar í dag. Hann hvatti May til þess að leggja snarlega fram frumvarp um frestunina og sagði að Verkamannaflokkurinn hefði sjálfur áætlun í útgöngumálum.

Corbyn er ekki sá eini sem er ósáttur við það hvernig May hefur haldið á spilunum. Donald Trump Bandaríkjaforseti, sem hefur áður lýst ánægju sinni með að Bretar ætli út úr ESB, sagðist í gær steinhissa á því hversu illa hefði gengið í viðræðum. Hann hefði tjáð May hugmyndir sínar um hvernig væri best að bera sig að í viðræðum en hún ekki hlustað. thorgnyr@frettabladid.is


Theresa May getur verið ánægð með afstöðu þingsins. NORDICPHOTOS/AFP

## Góður dagur hjá May

Breska þingið greiddi atkvæði um fleiri tillögur en þá að fresta útgöngu og má segja að í heild sinni hafi dagurinn verið afbragðsgóður fyrir Theresu May. Sextán manna meirihluti hafnaði tillögu Verkamannaflokksins um að þingið hafni samningi May og samningslausri útgöngu, fari fram á frestun og nýja nálgun í málinu. Nálgun Verkamannaflokksins að öllum líkindum.

Mun tæpara stóð þegar gengið var til atkvæðagreiðslu um tillögu Hilarys Benn, þingmanns Verkamannaflokksins, um að breska þingið fengi að taka við stjórntaumunum í útgöngumálinu af ríkisstjórninni. 312 greiddu atkvæði með tillögunni en tveimur fleiri gegn henni.

Mikill meirihluti hafnaði svo tillögu óháða þingmannsins Sarah Wollaston um aðra þjóðaratkvæðagreiðslu. 334 greiddu atkvæði gegn en einungis 85 með.

> **Beiðni um frestun krefst einróma samþykkis allra aðildarríkjanna.**
>
> Úr tilkynningu framkvæmdastjórnar ESB



# Klæðskerasniðin skrifstofurými til leigu

Laus eru til leigu rúmgóð skrifstofu- og verslunarrými með fallegu útsýni að Höfðabakka 9. Við húsið eru næg bílastæði fyrir bæði gesti og starfsfólk og auðvelt er að nálgast ýmsa þjónustu í nærumhverfi. Höfðabakki 9 er í alfaraleið og nálægt fjölförnum samgönguæðum.

Rýmin sem um ræðir eru á ýmsum hæðum.

Heil hæð um 900 m²
Hálf hæð um 450 m²

Gert er ráð fyrir að aðlaga rýmið að þörfum leigutaka í góðu samstarfi.

**Myndir af uppgerðum rýmum, teikningar og nánari upplýsingar má nálgast á www.reitir.is. Einnig veitir Halldór Jensson sölustjóri upplýsingar í síma 840-2100 eða á halldor@reitir.is.**

**Kringlan 4–12 103 Reykjavík www.reitir.is 575 9000**

REITIR

*Velkomin til starfa*

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Skemmdarverk



**Hörður Ægisson**
hordur@frettabladid.is

Hægt er að lýsa stöðunni á þessa leið: Atvinnulífinu er haldið í gíslingu vegna verkfalla og vinnudeilna. Eftir ævintýralegan vöxt ferðaþjónustunnar hafa orðið umskipti til hins verra og mikil óvissa er um horfurnar samhliða því að flugfélögin glíma við meiriháttar rekstrarerfiðleika. Loðnubrestur þýðir að þjóðarbúið verður af um tuttugu milljörðum. Á hinu pólitíska sviði hefur staða ríkisstjórnarinnar, sem var mynduð til að skapa langþráðan pólitískan stöðugleika, veikst til muna eftir að dómsmálaráðherra var – réttilega – gert að segja af sér að kröfu forsætisráðherra, ella yrðu líkast til stjórnarslit, og við bætist réttaróvissa eftir dóm MDE. Þá er Seðlabankinn í reynd lamaður eftir gagnrýni umboðsmanns Alþingis á stjórnsýslu bankans en á sama tíma stendur yfir leit að nýjum seðlabankastjóra og gera á einar veigamestu breytingar á lögum um Seðlabankann í áraraðir. Ekki er þetta sérlega gæfulegt.

Þótt þessi mynd sé dregin upp, sem endurspeglar þá óvissu sem nú umlykur flest mikilvægustu svið samfélagsins, þá má samt halda því fram að þjóðarbúið hafi sjaldan staðið á sterkari grunni. Viðskiptaafgangur hefur verið mikill um langt skeið, jafnvel þótt hagvöxtur hafi mælst myndarlegur og raungengið hækkað skarpt, og Ísland er orðið að lánveitanda við útlönd. Ólíkt fyrri uppsveiflum hefur almenningur ekki eytt um efni fram og þjóðhagslegur sparnaður er enn í hæstu hæðum. Þá hefur Seðlabankinn byggt upp stóran óskuldsettan gjaldeyrisforða og skuldastaða ríkissjóðs er ein sú hagstæðasta í Evrópu.

Það var hins vegar vitað að efnahagsstaðan væri brothætt og gæti versnað mjög á skömmum tíma ef ytri aðstæður þróuðust til hins verra, einkum í tengslum við ferðaþjónustuna, og við færum illa að ráði okkar á vinnumarkaði. Það er að koma á daginn enda þótt þeir svartsýnustu hefðu síður átt von á því að afleiðingarnar kæmu jafn fljótt og harkalega fram. Ný skoðanakönnun SI sýnir þannig að mun færri telja nú efnahagsaðstæður góðar til atvinnurekstrar en á sama tíma 2016 til 2018 og um 40 prósent stórra fyrirtækja sjá fyrir sér uppsagnir á næstu tólf mánuðum. Atvinnuvegafjárfesting er að skreppa hratt saman og útlit er fyrir að einkaneyslan verði með minnsta móti á árinu. Stórar ákvarðanir fyrirtækja og heimila eru í biðstöðu þangað til óvissunni, einkum í kjaramálum, verður aflétt. Verkfallsaðgerðir gegn ferðaþjónustunni, sem verður ekki lýst öðruvísi en sem skemmdarverkum, munu aðeins gera viðkvæmt ástand enn verra.

> **Við sjáum núna marga endurtaka þann leik, jafnvel þótt einhverjir þeirra tali líklega gegn betri vitund, fyrir stundarvinsældir.**

Því miður hafa þeir verkalýðsleiðtogar sem ákafast hafa gengið fram skeytt litlu um þennan efnahagslega veruleika. Aðrir, meðal annars þau stéttarfélög sem enn sitja við samningaborðið, hafa á þessu skilning og skynja ábyrgð sína á að leysa farsællega úr þessari erfiðu stöðu. Takist vel til, þar sem samið verður um launahækkanir sem atvinnulífið getur staðið undir á komandi árum, munu skapast forsendur fyrir gengisstyrkingu, minni verðbólgu og lækkandi vöxtum. Fari menn fram úr sér verður niðurstaðan í hina áttina. Þeir sem kjósa að afgreiða slík varnaðarorð sem heimsendaspár minna um margt á þá hina sömu sem af þekkingarleysi eða meðvirkni gáfu lítið fyrir þau augljósu hættumerki sem voru á lofti í aðdraganda fjármálahrunsins 2008. Við sjáum núna suma endurtaka þann leik, jafnvel gegn betri vitund, fyrir stundarvinsældir. Verði þeim að því.

## Halldór




SUNSTAR
G·U·M
HEALTHY GUMS. HEALTHY LIFE.®
Tannlæknar mæla með GUM tannvörum
**Mundir þú eftir að bursta og skola í morgun?**
Fæst í næsta apóteki og helstu stórmörkuðum



ARTASAN
www.artasan.is

## Frá degi til dags

**Skuggalegi ráðherrann**

**Eftir að hitna fór undir dómsmálaráðherrastól Sigríðar Á. Andersen fóru víða af stað veðmál um hver myndi leysa hana af þegar kæmi að hinu óhjákvæmilega. Margir veðjuðu á Brynjar Níelsson, fyrrverandi formann Lögmannafélags Íslands, enda Brynjar bæði lögfróður og ódeigur. Þeir töpuðu sjálfsagt einhverjum bjórkippum í dag en lengi er von á einum og Brynjar hlýtur að halda áfram sem skuggadómsmálaráðherra Sjálfstæðisflokksins. Hann er umdeildur, veit af því og það sem er mest um vert er að honum er alveg sama. „Varla halda margir því fram að ég hafi öfgafullar skoðanir eða sé ofstækismaður í eðli mínu og þess vegna umdeildur?“ spurði Brynjar réttilega á Facebook í gær.**

**Góður Trölli**

**Björn Leví Gunnarsson Pírataþingmaður og Brynjar hafa ítrekað eldað grátt silfur en sú eldamennska ristir þó ekki djúpt. Björn Leví sem hefur meðal annars gefið Brynjari nafnbótina Trölli með vísan til þess sem stal jólunum. Hann upplýsti hins vegar í Fréttablaðinu í gær að ágætt væri á milli þeirra og að Brynjar væri „fínasti gaur“ sem þyrði að tala fyrir óvinsælum skoðunum og að ekki væri öll von úti þar sem Trölli varð góður í sögulok.**

**thorarinn@frettabladid.is**

## Þín aðstoð við að móta stefnu í málefnum barna



**Ásmundur Einar Daðason**
félags- og barnamálaráðherra

Öll getum við verið sammála um að börnin okkar séu besta fjárfesting samfélagsins. Um leið og við sammælumst um þá staðreynd þurfum við sem samfélag að mæta þeirri áskorun af festu að tryggja öllum börnum sem best uppvaxtarskilyrði. Við þurfum að grípa börn í áhættu áður en það er um seinan, bregðast við með viðeigandi hætti og tryggja þeim stuðning og nauðsynlega þjónustu svo þau geti tekið virkan þátt í samfélaginu frá bernsku til fullorðinsára.

Um síðustu áramót varð sú breyting á stjórnskipan að félagsmálaráðuneytið setti aukna og sérstaka áherslu á málefni barna. Mikil vinna er í gangi í tengslum við þessar breytingar og hluti af henni er endurskoðun barnaverndarlaga sem og endurskoðun á félagslegri umgjörð og stuðningi við börn á Íslandi. Við vinnuna er lögð áhersla á víðtækt samstarf og samvinnu, hvort sem um ræðir breytingar á lögum, á reglugerðum eða framkvæmd þjónustu.

Ég hef skipað þverpólitíska nefnd þingmanna til að hafa yfirumsjón með mótun þessarar vinnu. Hún starfar með fagfólki og notendum kerfisins víða að. Samhliða því hefur verið settur upp stýrihópur stjórnarráðsins í málefnum barna sem skipaður er fulltrúum sex ráðuneyta enda hafa þessi mál snertifleti víða í samfélaginu og þvert á kerfi.

Með það að markmiði að fá sem flesta að borðinu og ná fram heildarsýn í því hvernig eigi að stuðla að aukinni velferð barna á Íslandi sendi ég út bréf til aðila sem hafa málefni barna með höndum, eða til um 600 viðtakenda. Í bréfinu var óskað eftir athugasemdum, ábendingum og þátttöku viðtakenda og annarra í opnum hliðarhópum sérfræðinga um tiltekin málefni.

> **Í þeirri vinnu sem fram fer er ekki síst mikilvægt að hlusta á raddir sem sjaldan fá að heyrast.**

Í þeirri vinnu sem fram fer er ekki síst mikilvægt að hlusta á raddir sem sjaldan fá að heyrast. Ég vil hvetja alla sem vilja koma skoðunum á framfæri til að fara inn á vef félagsmálaráðuneytisins en þar má finna frekari upplýsingar um vinnuna og koma ábendingum á framfæri. Á vormánuðum eru fyrirhugaðir opnir fundir þar sem fyrstu útlínur vinnunnar verða kynntar.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Gleðigjafar á hliðarlínunni

Í DAG



Þórlindur Kjartansson

Í bankaheiminum er sagt að fólk sé ólíklegra til þess að skipta um viðskiptabanka heldur en maka. Sennilega endurspeglar þetta frekar hversu mikið vesen það er að skipta um banka heldur en að fólk hafi raunverulega hollustu gagnvart viðskiptabankanum sínum—og ólíkt því sem á við um þá sem hyggjast skipta um maka þá finnst fólki sem er óánægt með bankann sinn yfirleitt ekki líklegt að næsti banki sé eitthvað skárri. En eins ólíklegt og það er að fólk skipti um viðskiptabanka á Íslandi þá er það örugglega margfalt algengara heldur en að fólk taki ákvörðun um að skipta um uppáhaldslið í ensku knattspyrnunni. Slíkt istöðuleysi myndi eflaust kveikja allar viðvörunarbjöllur um skapgerðarstyrk og siðferðisþrek. Það væri ekki nema að maður sjálfur eða náinn ættingi væri byrjaður að spila með öðru liði að fólk gæti hugsað sér að beina hollustu sinni tímabundið í aðra átt heldur en að liðinu sem það hefur haldið með frá barnæsku.

Rétt eins og með bankaviðskiptin þá getur fólk dæmst af hálfgerðri rælni til þess að byrja að halda með liði í ensku knattspyrnunni án þess að sjá fyrir afleiðingarnar. Það er ómögulegt að vita hversu margir viðskiptavinir Íslandsbanka eru þar í dag vegna þess að þeir fengu á einhverjum tímapunkti gefinn sparibaukinn Tröllа og þeir eru örugglega margir viðskiptavinir Landsbankans sem létu hinn litskrúðuga Sprota tæla sig í viðskipti.

Í fótboltanum getur miklu ráðið hvaða lið eru í uppáhaldi inni á heimilinu—ef afinn eða foreldrarnir eru harðir stuðningsmenn liðs þá er líklegt að það smitist yfir á börn og barnabörn. Og svo getur tímabundið gott gengi tiltekinna liða dæmt ungt fólk til ævilangrar tryggðar við vonlítinn málstað—eins og til dæmis fjölmargir íslenskir aðdáendur Leeds geta vottað um nú og tækifærissinnuð börn okkar daga sem halda með Man City munu geta staðfest næstu áratugi.

### Allt fyrir ástina

Sjálfur varð ég fyrir því óláni sex ára gamall að verða skotinn í stelpu sem hélt með Tottenham Hotspur. Blindaður af ást tók ég þá afdrifaríku ákvörðun að taka umsvifalaust og óhikað upp aðdáun á sama liði án þess að hafa kynnt mér nánar forsendurnar. Þetta féll líka ágætlega að sérviskulegum háttum mínum sem þá þegar var farið að gæta, því nánast allir vinir mínir heldu með Liverpool eða Manchester United.

Reyndar komst ég að því fyrir örfáum árum að þessi góðhjartaða stelpa hafði ekki byrjað að halda með Tottenham vegna þess að liðið væri gott—heldur einmitt vegna þess að það var svo lélegt og að enginn annar hélt með því. Hún vorkenndi þeim.

Þessi aumingjagæska ber innræti þessarar sex ára stelpu auðvitað mjög fagurt vitni—en hún var þó ekki nógu aumingjagóð til að endurgjalda mér ást mína; mig grunar að hún hafi alltaf verið skotin í strákunum sem voru bestir í fótbolta. Kaldhæðnislegt, því ég sit eftir, dæmdur til þess að halda með liði sem varð síðast Englandsmeistari hálfum öðrum áratug áður en ég fæddist og sérhæfir sig þessi misserin í að hryggbrjóta aðdáendur sína með því að tapa ósennilegustu leikjum tímabilsins einmitt þegar raunveruleg von um titil er byrjuð að glæðast.

### Hamingjusprengja á Íslandi

En vinir mínir sem héldu með Liverpool og Manchester United—ofaldir eins og þeir eru, sérstaklega þeir síðarnefndu—hafa undanfarin ár mátt upplifa dapra og dimma tíma. Þar sem heitur átrúnaður á einmitt þessa tvo klúbba hefur líklega meiri áhrif á lundarfar þjóðarinnar heldur en sjálft veðurfarið þá er viðsnúningur í gengi þessara félaga eitt brýnasta hagsmunamál íslensku þjóðarinnar.

Allt frá því Mourinho var rekinn frá United og Solskjær ráðinn í hans stað hefur sú undarlega staða ríkt að aðdáendur bæði Liverpool og Manchester United eru í sjöunda himni; og upplifa hvert kraftaverkið á fætur öðru. Hörmungar síðustu missera eru nánast gleymdar og engum dettur lengur í hug að segja eins og United aðdáandinn Hrafnhildur Agnarsdóttir gerði á Twitter í haust: „Það er dejligt að búa í Danmörku þar sem klórinn er ódýr og ég get hellt honum í augun á mér á spottprís í staðinn fyrir að horfa á United.“

Þessi ofstopafullu orð Hrafnhildar eru mjög lýsandi um tilfinningalegt ástand verulega stórs hluta þjóðarinnar þegar þessi tvö rauðklæddu lið voru í sínum dimmustu dölum. Það munu jafnvel vera dæmi um að fyrirhyggjusamir aðdáendur United keyptu sér alltaf tvö eintök af Lack borðum úr IKEA til að hafa fyrir framan sjónvarpið, svo auðvelt væri að skipta um þegar frammistaða liðsins á Englandi hafði þær óbeinu afleiðingar að húsgögn á Íslandi brotnuðu.

### Gleðin fundin á ný

En svo kom Solskjær til sögunnar og allt breyttist. Engir nýir leikmenn bættust við og margir þeirra bestu meiddust, en liðið fór að spila betur. Liverpool aðdáendur höfðu horft upp á svipuð umskipti þegar Jürgen Klopp tók við stjórnartaumunum á Anfield. Hvað veldur?

Solskjær er algjör andstæða við forvera sinn. Mourinho er merkilegur fótboltahugsuður, en hann gæti ekki kinnroðalaust sagt við leikmenn sína að enginn sé stærri en liðið, því egóið hans krafðist þess að hann drottnaði yfir öllu sem til friðar hans heyrði. Hann hefði örugglega ekki látið sér detta í hug að stilla sér upp á kjánalegri mynd með Eric Cantona og Alex Ferguson á sigurstund og heimta ekki einu sinni að vera í miðjunni. Til þess var egóið of stórt. Fyrir Solskjær var þetta sjálfsagt.

Þótt íþróttir séu dægradvöl og ekki eins alvarleg og til dæmis efnahagsmál, stjórnmál og viðskiptalíf þá hafa þær þann kost að það er auðvelt að mæla árangur. Þess vegna er það ekki bara áhugavert fyrir íþróttaáhugamenn að sjá hvernig dágóð innspýting af gleði og auðmýkt hefur umturnað árangri tveggja sögufrægra liða—allt með tilkomu forystumanna sem taka sjálfa sig ekki of hátíðlega þótt þeir taki sig alvarlega, og setja ekki sjálfa sig og hégóma sinn efst á forgangslistann heldur leyfa öðrum að blómstra í kringum sig.

# Áhætta í boði Alþingis



Gunnlaugur Stefánsson
formaður Veiðifélags Breiðdæla

Alþingi fjallar nú um frumvarp til laga um fiskeldi. Við fyrstu umræðu málsins varð nokkrum þingmönnum tíðrætt um að koma áhættumatinu þannig fyrir að trufli sem minnst útþenslu laxeldis í opnum sjókvíum í eigu norskra eldisrisa. Þess vegna fannst þeim betra að ráðherra ráði frekar matinu heldur en Hafrannsóknastofnun með vísindafólki sínu eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Svo lofuðu viðkomandi þingmenn vistvæna eldisframleiðslu, sögðu laxinn þyngjast um eitt kíló fyrir hvert sem hann æti, en gleymdu að til þess að framleiða fóðurkílóið þarf a.m.k. fjögur af villtum sjávarfiski.

En hæst bar þó hugmyndir sömu þingmanna um að horft yrði til „mótvægisaðgerða“ við áhættumatið svo laxeldið fengi nú enn meira svigrúm til að vaxa. Mótvægisaðgerð var t.d. lýst þannig á Alþingi, að myndavélar yrðu settar ofan í árnar sem mynduðu alla göngulaxa og svo yrðu kafarar tilbúnir á bakkanum til að skella sér út í hylinn og tína upp óvelkomna fiska.

Víst geta þingmenn hrifist af hugmyndum ævintýra, sérstaklega ef fjársterkir og útlenskir eldisrisar eiga hlut að máli og þrýsta á með afli sínu. En laxeldi í opnum sjókvíum með norskum stofni skaðar villta laxastofna. Engin tækni girðir fyrir það eins og reynslan af eldinu í nágrannalöndunum staðfestir. Margar laxveiðiár eru hreinlega ónýtar vegna erfðablöndunar, lúsafárs og sjúkdóma í Noregi. Það er sú áhætta sem Alþingi stendur núna frammi fyrir vegna íslenskra laxveiðiáa, að þingmenn fórni villtum laxastofnum fyrir eldið. Það er engin tilviljun, að opið sjókvíaeldi hefur nýlega verið bannað af umhverfishæstarétti Svíþjóðar, einnig í Washington ríki og Alaska. Þá er óheimilt í Noregi að nota aðflutta stofna í eldinu, en hér á landi er leyft að nota frjóan norskan stofn í opnu sjókvíaeldi.

Í ljósi dýrkeyptrar reynslu stríða Norðmenn við að endurskoða sína búskaparhætti í eldinu, færa upp á land eða í lokuð kerfi og jafnvel langt út á rúmsjó. En á Íslandi erum við á byrjunarreit og leyfum norskum eldisrisum að fara sínu fram og þróa eldi í opnum kvíum þar sem skammtímagróði ræður för. Frumvarpið ber þess vitni. Engin framtíðarsýn með hvötum til að fara í öruggara og umhverfisvænna eldi, eftirlitskerfið gatslitið, flókið og þungt í vöfum, enginn sætir ábyrgð gagnvart skaða sem eldið veldur og ekki er gert ráð fyrir neinum ábyrgum viðbrögðum t.d. fyrir fólkið í byggðunum, ef allt fer á versta veg – eins og alltaf hefur gerst í laxeldi á Íslandi.

Vonarneisti er þó í áhættumatinu sem gæti hægt á óafturkræfum skaða fyrir lífríkið. Matið verður því að hvíla á vísindalegum forsendum þar sem villti laxinn njóti vafans með ýtrustu varkárni í fyrirrúmi á forræði Hafrannsóknastofnunar. Þar mega ævintýri „mótvægisaðgerða“ ekki rugla í ríminu – og þó að norskir eldisrisar heimti að græða meira.

Áhættumatið má aldrei verða að bitbeini á pólitísku markaðstorgi.




Eigðu góðan dag - ristaðu Samsölu beyglur

» Samsölu-beyglur eru og hafa verið vinsælar á íslenskum heimilum til fjölda ára. Þú getur valið úr fjórum tegundum. Núna færðu vinsælu Samsölu-beyglurnar einnig með jalapeno og bræddum Cheddar osti.
Njóttu þess að setjast niður að morgni með nýristaða jalapeno beyglu, það gerir daginn betri.

Það einfaldar þér lífið að eiga beyglur í frystinum, þú getur fengið þér bragðgóða máltíð á einungis nokkrum mínútum. Hafðu það notalegt og toppaðu Samsölu-beygluna með þínu uppáhalds áleggi.

— fáðu þér beyglu, strax í dag

Samsölu-beyglur eru frábærar með rjómaosti...

SAMSÖLU BAKARÍ

myllan.is






VERÐSPRENGJA

**Dry-Aged hamborgarar 8x120 g**

**799** kr/pk
verð áður **1.899** kr/pk

Tilboð gilda út 17. mars




**Tulip salöt**

verð frá **299** kr/stk




**Tulip lifrakæfa**

**499** kr/stk




**Tulip álegg**

verð frá **429** kr/pk




**Gøl pylsur og Bähncke frenchdog dressing**

verð frá **349** kr/stk




**Gøl Salami Chips**

**349** kr/pk



**Samba flødeboller**

**199** kr/pk

# Meira danskt



VERÐSPRENGJA

**Danish Crown nauta ribeye**

**2.799** kr/kg
verð áður 3.399 kr/kg









**Danish Crown svínalundir**

**1.299** kr/kg
verð áður 1.599 kr/kg

**Grísapurusteik úr hrygg**

**1.329** kr/kg
verð áður 1.899 kr/kg

**Ungnautahakk 4% fita**

**1.991** kr/kg
verð áður 2.489 kr/kg

HAGKAUP
Meira svona alla daga

## Tilfinning sem venst hjá Garðbæingum



Mánuði eftir að hafa hampað bikarmeistaratitlinum var komið að deildarmeistaratitlinum í efstu deild karla í gær hjá Stjörnunni í fyrsta sinn í sögu félagsins eftir sigur á Haukum í lokaumferðinni. Garðbæingar eru nú handhafar tveggja titla og með augastað á þeim þriðja, Íslandsmeistaratitlinum sjálfum og mæta fullir sjálfstrausts í úrslitakeppnina eftir átján sigra í síðustu nítján leikjum í öllum keppnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Nýjast

**Domino's-deild karla**

**Grindavík - ÍR 81-85**
**Stigahæstir:** Lewis Clinch 17, S. Arnar Björnsson 15, Ólafur Ólafsson 15/12 fráköst - Kevin Capers 25, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 20, Gerald Robinson 12.

**KR - Breiðablik 103-68**
**Stigahæstir:** Julian Boyd 21/10 fráköst, Jón Arnór Stefánsson 16, Björn Kristjánsson 11 - Snorri Vignisson 12, Arnór Hermannsson 9, Árni Elmar Hrafnsson 9, Hilmar Pétursson 9.

**Njarðvík - Skallagr. 113-84**
**Stigahæstir:** Elvar Már Friðriksson 27, Kristinn Pálsson 16, Eric Katenda 14, Logi Gunnarsson 11 - Bjarni Guðmann Jónsson 27, Aundre Jackson 16, Matej Buovac 15.

**Tindastóll - Keflavík 89-68**
**Stigahæstir:** Philip Alawoya 20/11 fráköst, Pétur Rúnar Birgisson 18, Danero Thomas 13 - Michael Craion 18/11 fráköst, Hörður Axel Vilhjálmsson 15.

**Valur - Þór Þorl. 96-87**
**Stigahæstir:** Ragnar Ágúst Nathanaelsson 23/11 fráköst, Nicholas Schlitzer 21, Dominique Dean Rambo 16 - Nikolas Tomsick 37, Jaka Brodnik 17, Kinu Rochford 11.

**Haukar - Stjarnan 76-107**
**Stigahæstir:** Hjálmar Stefánsson 19, Russell Woods 16, Hilmar Smári Henningsson 16 - Antti Kanervo 28, Brandon Rozzell 21, Hlynur Bæringsson 10/13 fráköst.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Stjarnan | 34 | ÍR | 20 |
| Njarðvík | 34 | Grindavík | 18 |
| Tindastóll | 32 | Valur | 16 |
| Keflavík | 30 | Haukar | 16 |
| KR | 30 | Skallagr. | 8 |
| Þór Þorl. | 24 | Breiðablik | 2 |

## Gunnar vigtaður í dag

**MMA** Vigtunin fyrir bardaga Gunnars Nelson og Leons Edwards á laugardaginn fer fram í O2-höllinni í London í dag, degi áður en þeir mætast í búrinu í sömu höll sem tekur um 20 þúsund manns. Vigtunin fer fram um kvöldmatarleytið í London og er þess krafist að keppendurnir, Gunnar og Leon sem keppa í veltivigt, séu á bilinu 71-77 kíló þegar mælingar fara fram.



Bardagi Gunnars er einn af aðalbardögum kvöldsins ásamt bardaganum þegar Darren Till mætir Jorge Masvidal og mætir Gunnar heimamanninum Edwards sem ólst upp í Birmingham, einni af stærstu borgum Bretlands.

Gunnar kom til Lundúna á þriðjudaginn og hefur eytt undanförnum dögum í æfingar í Bretlandi ásamt því að sinna þeim fjölmiðlaskyldum sem fylgja bardögum innan UFC-samtakanna. **– kpt**

**KEBE**
**Hvíldarstólar**
Tegundir: Rest og Fox



Opið virka daga 11-18 laugardaga 11-15
**Komið og skoðið úrvalið**
**NÝFORM**
HÚSGAGNAVERSLUN

# Prófsteinn á andlegu hliðina gegn Andorra

Tilkynnt var í gær hvaða 23 leikmenn eru í leikmannahóp íslenska landsliðsins fyrir leikina fram undan gegn Andorra og Frakklandi. Tveir erfiðir en ólíkir leikir, segir landsliðsþjálfarinn, sem stefnir þó á að vinna báða leikina.

**FÓTBOLTI** Þjálfarateymi íslenska karlalandsliðsins tilkynnti í gær hvaða 23 leikmenn hefðu orðið fyrir valinu fyrir næstu leiki landsliðsins. Fram undan eru fyrstu leikir Íslands í nýrri undankeppni EM 2020 og hefur Ísland leik gegn Andorra ytra.

Það vekur athygli að það eru aðeins þrír eiginlegir framherjar í hópnum og einn þeirra, Alfreð Finnbogason, er að ná sér af meiðslum. Alfreð hefur ekkert komið við sögu með félagsliði sínu, Augsburg, síðasta mánuðinn en þjálfarateymið sagði að markmiðið væri að hann tæki þátt í leik þýska félagsins um helgina. Ásamt honum eru Albert Guðmundsson og Björn Bergmann Sigurðarson í hópnum.

Jón Daði Böðvarsson gat ekki gefið kost á sér vegna meiðsla og þá var Kolbeinn Sigþórsson ekki valinn að þessu sinni.

„Markmiðið er að Alfreð spili um helgina með Augsburg og ég krosslegg fingur að ekkert fari úrskeiðis,“ sagði Hamrén, aðspurður á blaðamannafundinum um þá ákvörðun að taka aðeins þrjá framherja í leikina og benti á að það væru fleiri leikmenn sem gætu skorað mörk.

„Það skiptir ekki endilega máli að framherji skori mörk heldur að liðið skori og við erum með marga leikmenn sem geta skorað mörk.“



Erik og Freyr svöruðu spurningum blaðamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hamrén á von á tveimur erfiðum leikjum en segir að íslenska liðið fari til að vinna báða leikina.

„Þessi lið eru ákveðnar andstæður, Frakkland er risaveldi í knattspyrnuheiminum og með marga leikmenn í heimsklassa á meðan fólk býst við stórsigri gegn Andorra. Andorramenn hafa verið erfiðir heim að sækja undanfarna mánuði, aðeins tapað einum af síðustu sex heimaleikjunum og það var gegn Portúgal sem þeim tókst að stríða,“ sagði Hamrén.

„Leikurinn gegn Andorra verður stórt próf andlega og leikmennirnir vita það. Við verðum með nánast fullskipað lið og flestir þekkja það hvað þarf til að komast á stórmót. Til þess að við náum markmiðum okkar þurfum við að ná góðum úrslitum úr þessu landsleikjahléi,“ sagði Hamrén sem bíður enn eftir fyrsta sigrinum.

„Auðvitað hefur það áhrif á mann að takast ekki að vinna leiki en spilamennskan batnaði talsvert eftir afhroðið í fyrsta leiknum,“ sagði Hamrén, aðspurður út í biðina eftir fyrsta sigrinum.

**kristinnpall@frettabladid.is**

# Fólk

Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 15. MARS 2019



# Pönkari inn við beinið

Elmar Gilbertsson óperusöngvari hefur fengið fastráðningu við óperuna í Stuttgart í Þýskalandi. Hann segist hlusta á þungarokk til að kúpla sig frá rómantíska tenórnum. ➜2

**Elmar Gilbertsson hefur fengið mjög góða dóma fyrir frammistöðu sína í La Traviata.** MYND/SIGTRYGGUR ARI

ALLIR ÞURFA
**D-VÍTAMÍN**
Í VETUR




Fæst í apótekum, heilsubúðum, heilsuhillum verslana




LÍNAN BÆJARLIND 14 - 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS | OPIÐ MÁN - FÖS 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16

Framhald af forsíðu ➜



Sólveig Gísladóttir
solveig@frettabladid.is



Elmar er fluttur til Þýskalands þar sem hann hefur fengið fasta stöðu við óperuna í Stuttgart. MYND/SIGTRYGGUR ARI

Elmar bíður jakkafataklæddur eftir blaðamanni og ljósmyndara í græna herberginu í Hörpu. Hann segist reyndar ekki hafa klætt sig upp á fyrir tilefnið heldur hafi hann verið að koma beint úr jarðarför. „Ég geri töluvert af því að syngja í jarðarförum þegar ég kem heim í frí eða önnur verkefni. Ég fæ þá að stökkva inn í sönghópa eða er fenginn til að syngja sóló,“ segir Elmar og neitar því að söngur við slík tækifæri sé erfiður. „Maður lærir að brynja sig þó vissulega komi fyrir að maður fái kökk í hálsinn.“

Elmar hefur búið síðastliðin ellefu ár í Hollandi, fyrst við nám og síðar sem atvinnusöngvari. Hann hefur tekið að sér verkefni um allan heim og segir töluvert hark að vera lausráðinn óperusöngvari, því fylgi mikil ferðalög og óstöðugleiki. En nú hefur orðið breyting á högum hans því síðastliðið haust fékk hann fasta stöðu við Staatsoper í Stuttgart. „Þetta er samningur til næstu fjögurra ára. Ég er mjög ánægður og heppinn að fá fastráðningu við jafn virt óperuhús,“ segir Elmar sem kláraði fyrsta verkefni sitt í Stuttgart í desember. „Það var hlutverk prinsins í óperunni Ást til þriggja appelsína eftir Prokofjev.“

## Sviðsskotinn í Violettu

Elmar hefur verið á Íslandi síðan í janúar við æfingar og sýningar á La Traviata eftir Verdi með Íslensku óperunni. Þar fer hann með hlutverk Alfredos, ástfangna unga mannsins sem fellur fyrir gleðikonunni Violettu sem sungin er af Herdísi Önnu Jónasdóttur.

„Þetta er í fyrsta sinn sem ég syng þessa óperu sem er tvímælalaust eitt af krúnudjásnum óperubókmenntanna og draumur hvers tenórs að fá að syngja hlutverk Alfredos. Þetta er ekki hlutverk sem maður hoppar beint út í heldur krefst það töluverðs undirbúnings, þetta hefur því verið heilmikil áskorun fyrir mig,“ segir Elmar sem hefur fengið glimrandi dóma fyrir frammistöðu sína.

Hlutverkið krefst töluverðra leikrænna tilburða. „Já, það er mikilvægt að leggja hjarta og sál í músíkina en þannig verður persónan trúverðug.“ Samspilið milli Alfredos og Violettu er þungamiðja verksins og augljóst að Elmar og Herdís Anna náðu vel saman á sviðinu. „Herdís Anna er frábær kollegi og það er rosalega auðvelt að vera sviðsskotinn í henni á meðan á sýningunni stendur. Það skiptir enda öllu að fá til baka frá mótsöngvaranum það sem maður gefur honum.“



Með Herdísi Önnu. MYND/JÓHANNA ÓLAFSDÓTTIR/ÍSLENSKA ÓPERAN

## Veiða og fara á tónleika

Elmar hefur alltaf verið duglegur að koma heim til Íslands þann tíma sem hann hefur búið erlendis. „Ég hef komið heim reglulega, ekki aðeins vegna vinnu heldur líka til að sinna föðurhlutverkinu en dóttir mín, Alvilda Eyvör, býr hér hjá mömmu sinni,“ segir Elmar en hann og hin 15 ára Alvilda finna sér ýmislegt að gera saman. „Okkur finnst ofsalega gaman að fara í leikhús eða tónleika en hún er mikið í músík sjálf, spilar á klarínett og selló. Á sumrin förum við saman að veiða og svo förum við í ferðalög um landið. Hún er líka dugleg að heimsækja mig og hefur komið út til mín einu sinni til tvisvar á ári og hefur líka komið til mín ef ég hef verið fastur í verkefni einhvers staðar úti í heimi.“

## Tækninörd og búfræðingur

Það var enginn æskudraumur Elmars að verða söngvari heldur lærði hann fyrst búfræði og síðar rafeindavirkjun. Hefur þetta nám nýst honum í lífinu? „Allt sem maður tekur sér fyrir hendur nýtist manni. Þegar ég var um tvítugt vissi ég ekki hvað ég vildi gera í lífinu en þar sem ég er alinn upp úti á landi ákvað ég að fara í Bændaskólann á Hvanneyri og það er tvímælalaust einn besti tími sem ég hef upplifað. Ég var á heimavist, hitti fullt af skemmtilegu fólki sem ég er enn í sambandi við í dag, námið var hagnýtt og ég bý alltaf að því,“ segir Elmar sem eftir bændaskólann vildi halda áfram í námi. Fyrir valinu varð rafeindavirkjun í Iðnskólanum en að því loknu starfaði hann við fagið, fyrst sem afleysingatæknimaður á RÚV og svo í sjö ár á rafeindaverkstæði hjá RARIK. „Ég vann sem rafeindavirki meðan ég lærði að syngja og alveg þangað til ég fór út til Hollands í söngnám.“

> **Herdís Anna er frábær kollegi og það er rosalega auðvelt að vera sviðsskotinn í henni á meðan á sýningunni stendur.**

En er hann ekki gripinn í rafvirkjaverkefni í óperunni? „Nei, það hefur ekki gerst enn þá,“ segir hann hlæjandi en viðurkennir að hann hlaupi stundum undir bagga með vinum og fjölskyldu. „Ég er annars töluvert tækninörd, finnst gaman að fara í fagverslanir að skoða og kaupa til dæmis litlar stýritölvur sem hægt er að forrita. Ég sit oft yfir því á kvöldin, svona þegar ég er ekki að hnýta flugur.“

## Tattúið engin fyrirstaða

Í uppsetningu Íslensku óperunnar á La Traviata er atriði þar sem Elmar klæðist aðeins sundskýlu. Þá sést vel fagurlega skreyttur kálfi Elmars sem er tattúveraður að stórum hluta. Það passar ekki beinlínis inn í þá staðalímynd sem flestir hafa af óperusöngvara. „Ég fékk mér þetta tattú reyndar áður en ég byrjaði að syngja og er meðvitaður um að það er ekki gáfulegt fyrir sviðslistamann að vera útataður í tattúum. En ég er bara voða mikill pönkari inn við beinið og hann brýst út við ákveðnar aðstæður,“ segir Elmar sem er ekkert mikið fyrir staðalímynd óperusöngvarans. „Mér finnst ekki mikið til hennar koma og finnst hún hálfgerð klisja. Ég geri eiginlega meira í því að brjóta hana upp og vera öðruvísi.“ Hann segist ekki enn hafa fengið athugasemdir um tattúið við uppfærslur á óperum. „En reyndar er heldur ekki algengt að maður þurfi að striplast með bera leggi í óperusýningum,“ segir hann brosandi.



Með Alvildu Eyvöru dóttur sinni úti í náttúrunni þar sem þau kunna vel við sig.

## Fílar Hatara

Elmar var í hljómsveitum á unglingsárum. Spilaði mest á gítar en söng með. Hlustaði á dauða- og þungarokk. „Ég hef alltaf haft mikla ástríðu fyrir tónlist og þegar ég byrjaði aftur seinna að sökkva mér í tónlistina var það á aðeins öðru sviði. Ég heillaðist af karlakórsmenningunni og var í karlakórum lengi og hreifst af klassískum söng.“ Hlustar hann þá mikið á klassíska tónlist? „Mér finnst nú eiginlega best að hlusta bara á þögnina,“ svarar hann en viðurkennir að hann hlusti auðvitað líka mikið á tónlist og þá ekki bara óperutónlist. „Ég kveiki stundum enn þá á dauðarokkinu og finnst það hressandi. Það er hollt fyrir mann að geta fengið frí frá hinum ástfangna tenór með því að hlusta á eitthvað agressívt og þungt.“ Þá liggur beint við að spyrja Elmar hvað honum finnist um Hatara og Hatrið mun sigra? „Mér finnst það hrikalega kúl. Þetta eru listamenn sem eru að framkvæma listaverk á sviðinu. Ég er ekkert að spá í hvort þetta sé einhver ádeila. List er list, og hún á að fá að vera eins og hún er án þess að það þurfi að setja á hana einhverja merkingu.“

## Björt framtíð

Elmar syngur í næstu tveimur sýningum La Traviata hér heima en þarf svo að snúa til Þýskalands í næstu verkefni sem eru ærin. „Framtíðin er bara nokkuð björt. Það er búið að skipuleggja næstu tvö ár hjá óperunni í Stuttgart en næst hefjast æfingar á Iphigenie frá Tauris eftir Gluck. Svo eru ýmis önnur verkefni í deiglunni sem ég hlakka til að takast á við.“

# Sagnasjóður handa nýrri öld

## Íslendingasögur og þættir
## í nýrri og glæsilegri fimm binda heildarútgáfu




Ritstjórar útgáfunnar eru Aðalsteinn Eyþórsson, Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson.
Útgáfan er skreytt 40 myndum eftir dönsku listakonuna Karin Birgitte Lund.

Útgáfan er aðgengileg og læsileg, sögurnar 40 og þættirnir 51 eru á nútímastafsetningu og þeim fylgja ítarlegir formálar sem greiða götur um veröld sagnanna, vandaðar orðskýringar, vísnaskýringar og nafnaskrá auk greina og mynda sem varpa ljósi á húsakost og híbýli, skip og siglingar, vopn og verjur. Þá fylgir útgáfunni sagnalykill sem nýtist þeim sem vilja skyggnast dýpra í sagnaheiminn, skoða sambærilega þætti í fleiri en einni sögu, hvort sem áhuginn beinist að bardögum og vígum, haugum, dysjum og helgum fjöllum eða útræði og hlunnindum, aflraunum og líkamsburðum eða draugum og reimleikum, svo nokkur dæmi séu nefnd.

## Bækurnar fimm eru einstaklega vandaðir prentgripir

SAGA
FORLAG

www.vinland@centrum.is ▪ sími: 8937719 ▪ 5627950


FRÉTTABLAÐIÐ
Fréttir
Markaðurinn
Sport
Lífið
Skoðun
Glamour
Lífið
Hatrið sigraði með talsverðum yfirburðum
Innlent
Meirihluti styður verkföll
Innlent
Stórir skjálftar ríðu yfir í Bárðarbungu
HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?
Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.
Fylgstu með á frettabladid.is
Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook og Instagram
FRETTABLADID.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
15. MARS 2019 FÖSTUDAGUR



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýndan samhug og hlýju við andlát elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Þuríðar Þorsteinsdóttir**
Úthlíð 12.

**Laufey Barðadóttir** — **Ævar Guðmundsson**
**Margrét Barðadóttir**
**Þorsteinn Barðason** — **Guðrún Þ. Björnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, stjúpfaðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,

**Gísli Vestfjörð Benjamínsson**

lést í Alicante á Spáni þann 29. janúar 2019. Minningarathöfn fór fram í kyrrþey.

**Marta María Jensen,**
**börn, tengdabörn, barnabörn og systkini.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Guðrún Sigurðardóttir**

lést sunnudaginn 3. mars. Hún verður jarðsungin frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 16. mars klukkan 14.00.

**Sigríður Níelsdóttir** — **Gísli Vigfússon**
**Guðmundur G. Níelsson** — **Guðrún Eyjólfsdóttir**
**Kristinn J. Níelsson** — **Harpa Jónsdóttir**
**María Níelsdóttir** — **Rúnar Már Jónatansson**
**Kristín Theodóra Nielsen**
**og ömmubörn.**

---



✝

Elskuleg systir og föðursystir okkar,

**Hrefna Daníelsdóttir**
Skagaseli 9,

andaðist mánudaginn 11. mars síðastliðinn á Landspítalanum. Útförin fer fram frá Seljakirkju í Reykjavík mánudaginn 18. mars klukkan 13.

**Guðmundur Daníelsson**
**Ásta, Dagný og Silvía Kristjánsdætur**

---



✝

Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og sambýliskona,

**Jóhanna Bjarnadóttir**
áður Kleppsvegi 36,

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund, mánudaginn 11. mars 2019. Útför hennar auglýst síðar.

**María Olgeirsdóttir** — **Hreiðar Albertsson**
**Jóhanna Olga Hreiðarsdóttir**
**Sigurður Steindórsson**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður og afa,

**Helga Theódórs Andersen**
Þórkötlustöðum, Miðbæ,

sem lést föstudaginn 1. mars á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

**Guðrún Aradóttir**
**Halldóra Guðlaug Helgadóttir**
**og barnabörn.**

---



Ferðamenn sækja stíft í heita vatnið sem liðast um Reykjadal og þeim ágangi hefur fylgt nokkur eyðilegging. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Tugmilljónir í bætur við Arnarker og í Reykjadal

**Veita á fé til að varna því að tveir fjölsóttir ferðamannastaðir í Ölfusi troðist ofan í svaðið. Bæta á aðgengi og aðstöðu í Reykjadal og lagfæra stíga við Arnarker og setja nýjan stiga ofan í hellinn í stað þess sem Hellarannsóknafélagið fjarlægði í haust.**

Leggja á tæplega 32 milljónir króna úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til að bæta aðstöðuna í Reykjadal inn af Hveragerði.

Eins og kunnugt er, er ágangur ferðamanna í heita lækinn í Reykjadal það mikill að á stundum hefur þurft að loka gönguleiðinni þangað inn eftir vegna þess hversu stígurinn hefur verið niðurtraðkaður.

Peningana á að nota til endurbóta á malarstígum, trépöllum og aðstöðu við heita lækinn fyrir gesti. „Einnig til að bæta við merkingum með upplýsingum um hættur á staðnum og til að afmarka þau svæði sem ekki skal fara inn á. Jafnframt til gerðar nýrrar brúar yfir Hengladalaá við upphaf ferðar inn í dalinn,“ segir í fundargerð bæjarráðs Ölfuss. Reykjadalur er í landi Ölfuss.

Bæjarráðið segir að nú verði undirbúið deiliskipulag bílastæða og annarrar þjónustu fyrir gesti Reykjadals.

> **Styrkur er veittur til þess að lagfæra stíginn frá bílastæði að hellinum, setja leiðarsnúrur og ný skilti við stíginn og hellismunnann og setja nýjan stiga niður í hellinn.**
>
> Úr fundargerð bæjarráðs Ölfuss

Þá var jafnframt kynnt tæplega 11 milljóna króna framlag úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til hellisins Arnarkers.

Átján ára gamall járnstigi Hellarannsóknafélagsins niður í Arnarker var fjarlægður í nóvember síðastliðnum. Hellirinn er illa farinn af ágangi ferðamanna.

„Við sitjum eins og saklausir afdalabændur og leyfum hlutunum að gerast í kring um okkur. Það er kjánalegt að gera ekkert í að verja þessar gersemar sem við erum að státa af,“ sagði Árni B. Stefánsson, formaður hellaverndunarnefndar Hellarannsóknafélags Íslands, við Fréttablaðið 17. nóvember.

„Styrkur er veittur til þess að lagfæra stíginn frá bílastæði að hellinum, setja leiðarsnúrur og ný skilti við stíginn og hellismunnann og setja nýjan stiga niður í hellinn,“ segir í fundargerð bæjarráðs Ölfus sem kveðst fagna „þessum áfanga í uppbyggingu Arnarkers sem viðkomustaðar ferðamanna“.

Hellirinn Arnarker er á landi í eigu vatnsátöppunarfyrirtækis athafnamannsins Jóns Ólafssonar í Ölfusi og var stiginn fjarlægður í haust að höfðu samráði við eigandann.

**gar@frettabladid.is**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, systir og mágkona,

**Guðrún Marta Sigurðardóttir**
Skúlagötu 42, Reykjavík,

lést miðvikudaginn 27. febrúar á Landspítalanum. Útför fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 15. mars klukkan 13.00.

**Ragnheiður A. Þorsteinsd.** — **Embla Líf Ragnheiðardóttir**
**Íris Þorsteinsdóttir** — **Kristbjörn Eydal**
**Óskar Ísfeld Sigurðsson** — **Sólveig Björk Ágústsdóttir**
**Helga Sigurðardóttir** — **Ágúst Óskarsson**
**Erlendur Ísfeld** — **Berglind Bjarnadóttir**

---



✝

Ástkær sambýlismaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Gunnar Guðmundsson**
húsasmíðameistari,
Suðurgötu 4a, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 11. mars. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 19. mars klukkan 13. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Barnaspítala Hringsins.

**Kristín Helgadóttir**
**Helgi Gunnarsson**
**Ásdís Gunnarsdóttir** — **Geirmundur Sigvaldason**
**Stefanía Gunnarsdóttir** — **Eric Baker**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Miklu meira en bara ódýrt
ViAir 12V loftdælur í miklu úrvali
frá 4.995
Hjólafesting á bíl
8.995
Loftdæla OMEGA 12V 30L
frá 1.999
Álskóflur
4.895
Viðgerðarbretti
Sonax hreinsivörur á frábæru verði
Hjólatjakkur 2T m/tösku
3.795
Öflugar háþrýstidælur 165Bör 1800W
19.999
Háþrýstidæla 1650W
9.999
6T Búkkar 605mm Par
9.999
frá 1.495
Startkaplar
4.995
Hleðslutæki 12V 6A
Mikið úrval af verkfæratöskum
frá 795
34.995
Verkfæraskápur á hjólum
79.995
Verkfæraskápur á hjólum m/verkfærum
Steðjar í miklu úrvali
7.995
1/2 Toppasett
3.995
1/4 Toppasett
Vice Multi angle
6.985
14.995
1/2+1/4 Toppasett Kraft-mann 94stk
5.995
Verkfærasett 108 stk
7.985
Skrall-lyklar 8-17
Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/4/5/6/8 tengla
Lunchbox útvarp ryk/regn/frostþolið
24.995
Ruslapokar 10,20,50stk
frá 395
frá 395
Ruslatínur
Hjólbörur 100kg
3.995
Skóflur
frá 995
Frábært úrval af dragböndum/ ströppum
Laufahrífur
frá 999
Strákústar
685
Myndlistavörur í miklu úrvali
Scanslib Hverfisteinn
frá 19.995
13.995
Flísasög 80mm
9.999
Silverline LI-ion 18V hleðslubor-vél 13mm
Fjölsög Höfftech
5.999
Rafmagnsvírtalíur í miklu úrvali
14.999
Hjólsög GMC 1200W
19.995
Súluborvél 350W (m/skrúfstykki)
16.995
Metabo KS216 bútsög
14.999
SDS Lofthöggvél GMC SDS vélar frá 9.999,-
Verkfæralagerinn
Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# RÝMINGARSALA

# BÓNUS Smiðjuvegi

## Bónus kveður Smiðjuveginn

Við viljum þakka öllum fyrir viðskiptin og ánægjuleg samskipti á liðnum árum og um leið minnum við á verslanir okkar við Smáratorg og Nýbýlaveg.

# 30% afsláttur

## af öllum vörum í dag föstudag

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

VALITOR **Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með **15. mars** eða meðan birgðir endast.

# Söngleikur um sögur og mátt

**Bergur Þór Ingólfsson leikstýrir hinum gríðarlega vinsæla og margverðlaunaða söngleik Matthildi í Borgarleikhúsinu. Segir lífsvilja, leikgleði og birtu streyma frá börnunum sem leika í sýningunni.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Söngleikurinn Matthildur verður frumsýndur í kvöld, föstudagskvöld, í Borgarleikhúsinu en hann er byggður á hinni frægu skáldsögu Roalds Dahl. Leikstjóri sýningarinnar er Bergur Þór Ingólfsson. „Það er svakalegt fjör að leikstýra Matthildi, skemmtilegt og krefjandi,“ segir hann.

Roald Dahl var nokkuð grimmur barnabókahöfundur og í Matthildi er nóg af fullorðnu fólki sem níðist á börnum. „Dahl er mjög grimmur í barnabókum sínum en það verður að segja söguna eins og hún er,“ segir Bergur Þór „Þarna er skólastjóri sem beitir börn ofbeldi og er líkast til líka morðingi og ef foreldrar Matthildar væru í raunveruleikanum eins og þarna þá yrði það að barnaverndarmáli.

Það eru öfgakenndar aðstæður í sögunni en slíkar aðstæður í raunveruleikanum eru oft stærri og verri en í skáldskap. Ég reyni að vera höfundinum trúr því Roald Dahl er líka dálítið hrekkjusvín. Ég tek mið af hans raunveruleika og prakkaraskapnum sem liggur þar á bak við en um leið er mikilvægt að þykja vænt um aðalpersónuna hana Matthildi og halda með henni. Þannig fáum við sögu sem er skemmtileg, spennandi, hræðileg og fyndin.

Það eru sögur inni í sögum inni í sögum í þessari sögu. Þetta er saga um sögur og mátt þeirra. Sjálfum finnst mér leikhús snúast um sögur og mannleg samskipti og mennskan búa í sögunum.

Matthildur er afskipt barn og fer að segja sögur af sér sem gera henni ljóst hvernig heimurinn er og hverjar aðstæður hennar eru. Hún gerir sér jafnframt grein fyrir því hvað er rétt og rangt og um leið kennir hún kennaranum sínum hvað er rétt og rangt í gegnum sögur. Þetta er ekki hægt að segja með mærðarsvip, það verður að vera frásagnargleði í sögunni og karakterarnir verða að vera skemmtilegir þótt þeir séu grimmir. Í gegnum hlátur og söng opnast hjörtun og þá getum við farið að tala um alvarlegu málin.“

> ÞETTA ER EKKI HÆGT AÐ SEGJA MEÐ MÆRÐARSVIP, ÞAÐ VERÐUR AÐ VERA FRÁSAGNARGLEÐI Í SÖGUNNI OG KARAKTERARNIR VERÐA AÐ VERA SKEMMTILEGIR ÞÓTT ÞEIR SÉU GRIMMIR. Í GEGNUM HLÁTUR OG SÖNG OPNAST HJÖRTUN OG ÞÁ GETUM VIÐ FARIÐ AÐ TALA UM ALVARLEGU MÁLIN.

### Gaman að leikstýra börnum

Matthildur er söngleikur sem frumsýndur var í Bretlandi árið 2010 og hefur verið settur á svið víða um heim við miklar vinsældir og hlotið hátt í hundrað verðlaun. Bergur Þór er spurður hvort hann sé söngleikjamaður.

„Mér finnst gaman að söngleikjum en ég er ekki það sem kalla má söngleikjamaður. Formið hentar hins vegar minni fantasíu,“ segir hann. „Þegar ég var lítill hlustaði ég á hvert lag á Sumar á Sýrlandi og bjó til sögur úr þeim. Ég var mikið fyrir epík í tónlist, fannst til dæmis mjög gaman að hlusta á Queen og Árstíðirnar eftir Vivaldi því það er frásögn í þeim. Ég syng alltaf með tónlist og stundum syng ég upp úr mér, eins og til dæmis: Það er kominn matur… Mér finnst söngur auka á tjáninguna.“

Nítján börn taka þátt í sýningunni. „Það er gríðarlega gaman að leikstýra börnum,“ segir Bergur Þór. „Þau eru einlæg og treysta manni, komin til að finna orkunni sem þau búa yfir farveg. Ég þigg hana með þökkum og sömuleiðis þennan mikla lífsvilja, leikgleði og birtu sem streymir frá þeim. Mér finnst börn afar skemmtilegt fólk.“

### Háskólanám á tíu vikum

Mikið mæðir á þeim ungu leikkonum sem skiptast á að leika Matthildi. Þær eru þrjár, allar tíu ára gamlar, Salka Ýr Ómarsdóttir, Erna Tómasdóttir og Ísabel Dís Sheehan. „Þær eru þrír ólíkir einstaklingar og skila ólíkum lit hver fyrir sig þótt við höfum unnið hlutverkið sem hópur,“ segir Bergur Þór. „Þær tóku leikstjórn vel og hlustuðu og lögðu sig allar fram við að gera þetta vel. Það má segja að þær hafi tekið þriggja ára háskólanám á tíu vikum.“

Bergur Þór er enginn nýgræðingur þegar kemur að því að leikstýra ungu fólki. „Þegar ég útskrifaðist úr Leiklistarskólanum 1995 þá vann ég fyrir salti í grautinn bæði með því að tala inn á teiknimyndir og leikstýra í barnaskólum og menntaskólum. Mér líkar vel að vinna með ungu fólki og finnst ég eiga í ótrúlega mörgum leikurum landsins af yngri kynslóð því ég vann með þeim áður en þeir fóru í leiklistarskólann. Mér finnst ég hafa verið verðlaunaður með að fá að kynnast öllu þessu hæfileikafólki.“



„Sjálfum finnst mér leikhús snúast um sögur og mannleg samskipti,“ segir Bergur Þór. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Saga sem er skemmtileg, spennandi, hræðileg og fyndin, segir Bergur Þór um Matthildi. MYND/GRÍMUR BJARNASON

# Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is

## 15. MARS 2019

**Hvað?** Loftslagsverkfall
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Hallgrímskirkja
Fólk safnast saman klukkan 12 fyrir framan Hallgrímskirkju og gengur niður á Austurvöll! Verkfallið er innblásið af hinni sænsku Gretu Thunberg, en skólaverkfall hennar hefur vakið mikla athygli. Nú þegar hafa tugþúsundir ungmenna farið að hennar fordæmi og flykkst út á götur til að mótmæla aðgerðarleysi stjórnvalda í baráttunni við loftslagsbreytingar, m.a. í Belgíu, Bretlandi, Bandaríkjunum, Ástralíu, Þýskalandi og Svíþjóð. Nýjustu tölur Gallup sýna að fleiri Íslendingar en nokkru sinni fyrr hafa áhuga á – og áhyggjur af – umhverfismálum en þó fer losun gróðurhúsaloftegunda enn vaxandi. Mótmælendur krefjast þess að Ísland taki af skarið, hlusti á vísindamenn, lýsi yfir neyðarástandi og láti hið minnsta 2,5% af þjóðarframleiðslu renna beint til loftslagsaðgerða. Þar verður atvinnulífið einnig að axla ábyrgð og til þess verður ákveðin viðhorfsbreyting að eiga sér stað.

**Hvað?** Kafbátamúsík – 20 ára útgáfuafmæli og tónleikar
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** IÐNÓ
Árið 1998 kom út fyrsta plata þá óþekktrar hljómsveitar að nafni Ensími. Platan fékk heitið Kafbátamúsík og varð fljótlega mjög áberandi í íslensku tónlistarlífi. Lögin Gaur, Arpeggiator og Atari urðu vinsæl á öldum ljósvaka, en það síðastnefnda var valið lag ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum og hljómsveitin valin „Nýliði ársins“. Kafbátamúsík er talin ein af bestu plötum Íslandssögunnar samkvæmt stórri könnun Rásar 2 hér um árið.
Kafbátamúsík hefur lifað góðu lífi en verið ófáanleg í geisladiskaformi (CD) í mörg ár. Það er því gleðiefni að nú sé hún fáanleg á vínylformi á öllum helstu sölustöðum sem selja plötur. Í tilefni 20 ára útgáfuafmælisins mun Ensími leika Kafbátamúsík í heild sinni í Iðnó 15. mars og á Græna hattinum 16. mars. Einnig mun sveitin leika vel valin lög af farsælum útgáfuferli sínum og jafnvel frumflytja ný lög af væntanlegri breiðskífu.

**Hvað?** Ráðstefna um bætta stjórnun og stöðugar umbætur – Lean Ísland
**Hvenær?** 9.00
**Hvar?** Harpa
Lean Ísland er fyrir alla sem vilja ná meiri árangri í sínum fyrirtækjum og stofnunum. Fyrirtæki og stofnanir í mörgum atvinnugreinum bæði þjónustu og framleiðslu eru byrjuð að nýta sér Lean stjórnun og hugsun. Með áherslum sínum á virði fyrir viðskiptavini og umbótamenningu er Lean stjórnun að fá verðskuldaða athygli um heim allan. Ráðstefnan hentar fyrir byrjendur jafnt sem lengra komna.



Í tilefni 20 ára útgáfuafmælis plötunnar Kafbátamúsík mun Ensími leika hana í heild í Iðnó 15. mars og á Græna hattinum 16. mars. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR


## Þjóðleikhúsið
551 1200 • leikhusid.is

### Ronja Ræningjadóttir — Stóra sviðið

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sun 17.03 | kl. 13:00 | U | Sun 07.04 | kl. 13:00 | U | Sun 05.05 | kl. 13:00 | U | Sun 26.05 | kl. 13:00 | Au |
| Sun 17.03 | kl. 16:00 | U | Sun 07.04 | kl. 16:00 | U | Sun 05.05 | kl. 16:00 | U | Sun 2.6 | kl. 13:00 | Au |
| Sun 24.03 | kl. 13:00 | U | Sun 14.04 | kl. 13:00 | U | Sun. 12.05 | kl 13:00 | U | Lau 8.6 | kl. 13:00 | Au |
| Sun 24.03 | kl. 16:00 | U | Sun 14.04 | kl. 16:00 | U | Sun. 12.05 | kl. 16:00 | U | | | |
| Sun 31.03 | kl. 13:00 | U | Sun 28.04 | kl 13:00 | U | Sun. 19.05 | kl. 13:00 | Ö | | | |
| Sun 31.03 | kl. 16:00 | U | Sun 28.04 | kl. 16:00 | U | Sun. 19.05 | kl. 16:00 | Ö | | | |

### Einræðisherrann — Stóra sviðið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau.23.03 | kl 19:30 | U | Fös. 05.04 | kl 19:30 | U | Lau 04.05 | kl. 19:30 | |
| Fös. 29.03 | kl 19:30 | U | Lau 13.04 | kl. 19:30 | | | | |

### Jónsmessunæturdraumur — Stóra sviðið

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös. 15.03 | kl 19:30 | U | Fös. 22.03 | kl. 19:30 | U | Lau. 06.04 | kl. 19:30 | Ö | Fös 03.05 | kl. 19:30 | |
| Lau. 16.03 | kl. 19:30 | U | Lau. 30.03 | kl 19:30 | U | Fös. 12.04 | kl 19:30 | Ö | | | |

### Þitt eigið leikrit — Kúlan

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sun. 17.03 | kl. 15:00 | U | Lau 23.03 | Kl. 17:00 | U | Lau. 30.03 | kl 15:00 | U | Lau 06.04 | kl. 15:00 | U |
| Sun. 17.03 | kl. 17:00 | U | Sun. 24.03 | kl 15:00 | U | Sun 31.03 | kl. 15:00 | U | Sun 07.04 | kl. 15:00 | Ö |
| Lau 23.03 | kl 15:00 | U | Sun. 24.03 | kl 17:00 | U | Sun.31.03 | kl 17:00 | Ö | | | |

### Súper — Kassinn

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau. 16.03 | kl. 19:30 | U | Mið 27.03 | kl. 19:30 | U | Fim.04.04 | kl. 19:30 | U | Fös. 12.04 | kl. 19:30 | Ö |
| Mið. 20.03 | kl. 19:30 | U | Fim. 28.03 | kl. 19:30 | U | Lau 06.04 | kl. 19:30 | Au | | | |
| Fim. 21.03 | kl. 19:30 | U | Lau. 30.03 | kl. 19:30 | U | Mið 10.04 | kl. 19:30 | Au | | | |
| Fös. 22.03 | kl. 19:30 | U | Mið. 03.04 | kl. 19:30 | U | Fim 11.04 | kl. 19:30 | Ö | | | |

### Mið-Ísland — Leikhúskjallarinn

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 15.03 | kl. 19:30 | U | Fim 21.03 | kl. 21:00 | | Fös 22.03 | Kl. 22:00 | Ö | Lau 23.03 | Kl. 22:00 | |
| Fös 15.03 | Kl. 22:00 | U | Fös 22.03 | kl. 19:30 | | Lau 23.03 | kl. 19:30 | | | | |

### Improv — Leikhúskjallarinn

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Mið 20.03 | kl. 20:00 | Mið 27.03 | kl. 20:00 | Mið 03.04 | kl. 20:00 |

### Bara góðar — Leikhúskjallarinn

| | | |
|---|---|---|
| Sun.17.03 | kl. 20:00 | Ö |

### Dimmalimm — Brúðuloftið

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 16.03 | Kl. 14.00 | Lau 23.03 | Kl. 14.00 | Lau 30.03 | Kl. 14.00 |

## Borgarleikhúsið
568 8000 • borgarleikhus.is

### Matthildur — Stóra sviðið

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 15.03 | Kl 19:00 | U | Mið 27.03 | Kl 19:00 | U | Lau 13.04 | Kl 13:00 | U | Fim 02.05 | Kl 19:00 | U |
| Lau 16.03 | Kl 19:00 | U | Fim 28.03 | Kl 19:00 | U | Sun 14.04 | Kl 19:00 | U | Mið 08.05 | Kl 19:00 | Ö |
| Sun 17.03 | Kl 19:00 | U | Sun 31.03 | Kl 19:00 | U | Þri 16.04 | Kl 19:00 | U | Fim 09.05 | Kl 19:00 | U |
| Mið 20.03 | Kl 19:00 | U | Mið 03.04 | Kl 19:00 | U | Mið 24.04 | Kl 19:00 | U | Mið 15.05 | Kl 19:00 | Ö |
| Fim 21.03 | Kl 19:00 | U | Fös 05.04 | Kl 19:00 | U | Fim 25.04 | Kl 19:00 | U | Fim 16.05 | Kl 19:00 | Ö |
| Fös 22.03 | Kl 19:00 | U | Sun 07.04 | Kl 19:00 | U | Fös 26.04 | Kl 19:00 | U | | | |
| Lau 23.03 | Kl 19:00 | U | Mið 10.04 | Kl 19:00 | U | Sun 28.04 | Kl 19:00 | U | | | |
| Sun 24.03 | Kl 19:00 | U | Fös 12.04 | Kl 19:00 | U | Þri 30.04 | Kl 19:00 | U | | | |

### Elly — Stóra sviðið

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 30.03 | Kl. 20:00 | U | Lau 27.04 | Kl. 20:00 | Ö | Fös 17.05 | Kl. 20:00 | Ö | Lau 08.06 | Kl. 20:00 | Ö |
| Lau 06.04 | Kl. 20:00 | U | Sun 05.05 | Kl. 20:00 | Ö | Fös 24.05 | Kl. 20:00 | Ö | Lau 15.06 | Kl. 20:00 | ÖL |
| Lau 13.04 | Kl. 20:00 | U | Sun 12.05 | Kl. 20:00 | Ö | Fös 31.05 | Kl. 20:00 | Ö | | | |

### Ríkharður III — Stóra sviðið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 29.03 | Kl. 20:00 | U | Fim 04.04 | Kl. 20:00 | Ö | Fim 11.04 | Kl. 20:00 | ÖL |

### Fólk, staðir og hlutir — Litla sviðið

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fim 14.03 | Kl. 20:00 | U | Fös 15.03 | Kl. 20:00 | U | Lau 16.03 | Kl. 20:00 | U | Sun 17.03 | Kl. 20:00 | UL |

### Kvenfólk — Nýja sviðið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 15.03 | Kl. 20:00 | U | Lau 23.03 | Kl. 20:00 | Ö | Sun 30.03 | Kl. 20:00 | Ö |

### Kæra Jelena — Litla sviðið

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 12.04 | Kl. 20:00 | U | Þrið 24.04 | Kl. 20:00 | U | Sun 28.04 | Kl. 20:00 | U | Sun 05.05 | Kl. 20:00 | U |
| Sun 14.04 | Kl. 20:00 | U | Mið 25.04 | Kl. 20:00 | U | Fim 02.05 | Kl. 20:00 | U | Mið 08.05 | Kl. 20:00 | Ö |
| Þri 16.04 | Kl. 20:00 | U | Fim 26.04 | Kl. 20:00 | U | Fös 03.05 | Kl. 20:00 | U | | | |

### Club Romantica — Nýja sviðið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 16.03 | Kl. 20:00 | Ö | Fös 22.03 | Kl. 20:00 | U | Fim 28.03 | Kl. 20:00 | Ö |

### Bæng! — Nýja sviðið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 26.04 | Kl. 20:00 | U | Mið 08.05 | Kl. 20:00 | U | Fim 23.05 | Kl. 20:00 | Ö |
| Sun 26.04 | Kl. 20:00 | U | Fim 09.05 | Kl. 20:00 | U | Sun 23.05 | Kl. 20:00 | U |
| Fös 03.05 | Kl. 20:00 | U | Fim 16.05 | Kl. 20:00 | U | Fim 30.05 | Kl. 20:00 | Ö |

### Kvöldvaka með Jóni Gnarr — Litla sviðið

| | | |
|---|---|---|
| Lau 13.04 | Kl. 20:00 | U |

### Allt sem er frábært — Litla sviðið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 04.05 | Kl. 20:00 | Ö | Fim 09.05 | Kl. 20:00 | Ö | Lau 11.05 | Kl. 20:00 | |



GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19 NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

| | |
|---|---|
| Birds of Passage (ICE SUB) | 17:30 |
| Capernaum (ICE SUB) | 17:30 |
| Free Solo (ENGLISH - NO SUB) | 18:00 |
| *Taiwan Film Festival - Sérverð 800 kr* | |
| *Long Time No Sea (ENG SUB) | 20:00* |
| SING-ALONG FÖSTUDAGSPARTÍSÝNING | |
| Bohemian Rhapsody | 20:00 |
| Arctic (ICE SUB) | 22:00 |
| Taka 5 // Take 5 (ENG SUB) | 22:45 |
| Brakland (DANISH W/ENG SUB) | 22:45 |




Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is




## Úrslitin ráðast í kvöld

Föstudag kl. 19.45

Bein útsending frá viðureign MR og Kvennaskólans í úrslitum spurningakeppni framhaldsskólanna. Spurningahöfundar og dómarar eru Ingileif Friðriksdóttir, Vilhelm Anton Jónsson og Sævar Helgi Bragason. Spyrill er Kristjana Arnarsdóttir.

RÚV okkar allra

SPEKILEKI



## Ný heimildarþáttaröð

Laugardaga kl. 10.15

Ógnar spekileki íslenska heilbrigðiskerfinu? Í fyrsta þætti ræðir Halla Þórlaug Óskarsdóttir við Kjartan Sveinsson, aðjúnkt í félagsfræði við HÍ, Reyni Arngrímsson, formann LÍ og Guðrúnu Þuríði Höskuldsdóttur, lækni.

RÁS 1 fyrir forvitna




# DAGSKRÁ

# Föstudagur

## RÚV SJÓNVARP

**13.00 Útsvar 2012-2013**
**14.05 91 á stöðinni**
**14.35 Á mörkum lífs og dauða**
**15.20 Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni**
**15.50 Í saumana á Shakespeare – Morgan Freeman** Heimildarþættir þar sem sex heimfrægir leikarar kafa ofan í samband sitt við skáldið ódauðlega, William Shakespeare. Í þáttunum kanna leikararnir sögulegt samhengi leikrita hans, hvaðan söguhetjurnar eru og í hvaða sagnabrunna hann sótti. Leikararnir Morgan Freeman, Kim Cattrall og Joseph Fiennes eru meðal stjórnenda þáttanna. e.
**16.45 Sætt og gott**
**16.55 Hljómsveit kvöldsins**
**17.25 Landinn**
**17.55 Táknmálsfréttir**
**18.05 KrakkaRÚV**
**18.06 Hvergidrengir**
**18.30 Sögur – Stuttmyndir** Stuttmynd eftir handriti sem Ylfa Ásgerður Eyjólfsdóttir og Hafdís Svava Ragnheiðardóttir sendu inn í Sögur.
**18.35 Krakkafréttir vikunnar**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.35 Veður**
**19.45 Gettu betur** Bein útsending frá úrslitum spurningakeppni framhaldsskólanna sem einkennist af stemningu, spennu og virkri þátttöku allra í salnum. Spurningahöfundar og dómarar eru Ingileif Friðriksdóttir, Vilhelm Anton Jónsson og Sævar Helgi Bragason. Spyrill er Kristjana Arnarsdóttir.



**21.05 Vikan með Gísla Marteini**
**22.00 Norrænir bíódagar: Arfurinn** Dönsk kvikmynd frá 2003 um Christoffer, ungan mann sem lifir hamingjusömu lífi í Stokkhólmi ásamt eiginkonu sinni. Þegar faðir hans deyr væntir móðir hans þess að hann snúi aftur til Danmerkur og taki við rekstri fjölskyldufyrirtækisins, sem rambar á barmi gjaldþrots. Hann tekur við stöðunni af skyldurækni en þegar fram í sækir líða bæði hjónaband hans og sjálfsvirðing fyrir það. Leikstjóri: Per Fly. Aðalhlutverk: Ulrich Thomsen, Lisa Werlinder og Ghita Nørby. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.55 Poirot – Köttur í dúfnakofanum** Hinn rómaði og siðprúði rannsóknarlögreglumaður, Hercule Poirot, tekst á við flókin sakamál af fádæma innsæi. Bylting brýst út í landinu Raman og prinsessunni Shaistu er komið í öruggt skjól í breskum stúlknaskóla. Þegar kennarar skólans finnast myrtir, einn af öðrum, og prinsessunni er rænt er Poirot falið að rannsaka málið. Leikstjóri: James Kent. Aðalhlutverk: David Suchet, Harriet Walter og Raji James. e.
**01.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00 Saudi International**
**09.45 Golfing World 2019**
**10.35 Inside the PGA Tour 2019**
**11.00 The Players Championship**
**17.00 The Players Championship**
**23.00 Champions Tour Highlights 2019**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Tonight Show**
**09.30 The Late Late Show**
**10.15 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 Dr. Phil**
**13.45 Family Guy**
**14.10 The Voice US**
**14.55 Ally McBeal**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show**
**19.00 Younger**
**19.30 The Voice US**
**21.00 The Bachelor**
**22.30 Six Days Seven Nights**
**00.10 The Tonight Show**
**00.55 NCIS**
**01.40 NCIS: New Orleans**
**02.25 The Walking Dead**
**03.10 The Messengers**
**03.55 The Affair**
**04.55 Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Í ljósi sögunnar**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Óskastundin**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Brot af eilífðinni**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Sögur af landi**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Grár köttur**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestarklefinn**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Brot úr Morgunvaktinni**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Flugur**
**19.50 Hitaveitan**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.30 Kvöldsagan: Plágan**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Passíusálmar**
**22.15 Samfélagið**
**23.05 Lestarklefinn**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10.30 Egypski prinsinn**
**12.10 Battle of the Sexes**
**14.10 Duplicity**
**16.15 Egypski prinsinn**
**17.55 Battle of the Sexes**
**19.55 Duplicity**
**22.00 Kingsman: The Golden Circle**
**00.20 55 Steps**
**02.15 The Foreigner**
**04.10 Kingsman: The Golden Circle**

## STÖÐ 2

**07.00 Blíða og Blær**
**07.30 Friends**
**07.50 Gilmore Girls**
**08.35 Brother vs. Brother**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Mike & Molly**
**09.55 Splitting Up Together**
**10.20 The Night Shift**
**11.00 Restaurant Startup**
**11.40 Hið blómlega bú**
**12.15 Feðgar á ferð**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Næturvaktin**
**13.30 Næturvaktin**
**14.00 All Roads Lead to Rome**
**15.30 Jumanji**
**17.15 The Goldbergs**
**17.40 Bold and the Beautiful**
**18.00 Nágrannar**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Sportpakkinn**
**19.20 Veður**
**19.25 Evrópski draumurinn**
**20.00 Leave No Trace** Áhrifamikil mynd með Ben Foster sem leikur Will, fyrrverandi hermann sem þjáist af áfallaröskun (PTSD) og hefur kosið að búa utan samfélags manna ásamt þrettán ára dóttur sinni, Tom.
**21.50 Argo**
**23.50 The Rocky Horror Picture Show**
**01.25 Sleight**
**02.50 American Assassin**
**04.40 Jumanji**

## STÖÐ 3

**19.10 Modern Family**
**19.35 Two and a Half Men**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.55 Angie Tribeca**
**21.20 The Simpsons**
**21.45 Bob's Burgers**
**22.10 American Dad**
**22.35 Game Of Thrones**
**23.35 Luck**
**00.30 Two and a Half Men**
**00.50 Modern Family**
**01.10 Seinfeld**
**01.35 Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.15 Barcelona - Rayo Vallecano**
**08.55 Spænsku mörkin 2018/2019**
**09.20 Juventus - Atletico Madrid**
**11.20 Meistaradeildarmörkin**
**12.25 Manchester City - Schalke**
**14.05 ÍBV - Stjarnan**
**15.30 Úrvalsdeildin í pílukasti**
**18.35 PL Match Pack 2018/2019**
**19.05 FA Cup Preview Show 2019**
**19.35 Tindastóll - Keflavík**
**21.15 Domino's körfuboltakvöld 2018/2019**
**23.00 UFC Now 2019**
**23.45 Úrvalsdeildin í pílukasti**
**02.55 Formúla 1 2019 - Æfing**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.05 Grindavík - ÍR**
**09.45 Tindastóll - Keflavík**
**11.25 Premier League World 2018/2019**
**11.55 Krasnodar - Valencia**
**13.35 Slavia Prag - Sevilla**
**15.15 Arsenal - Rennes**
**16.55 Dynamo Kiev - Chelsea**
**18.35 Evrópudeildarmörkin 2018/2019**
**19.25 La Liga Report 2018/2019**
**19.55 Real Sociedad - Levante**
**22.00 Premier League Preview 2017/2018**
**22.30 PL Match Pack 2018/2019**
**23.00 FA Cup Preview Show 2019**
**23.30 Cagliari - Fiorentina**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin




# FULLKOMINN DJÚPSVEFN

## Með Kally heilsukoddanum

Kally heilsukoddinn er þróaður í samráði við breska osteópata og svefnráðgjafa og er byltingarkennd nálgun í svefnlausnum. Búið er að endurhanna hinn klassíska meðgöngukodda sem barnshafandi konur hafa þekkt í áraraðir með bómull í hæsta gæðaflokki. Hann tryggir að þú upplifir góðan djúpsvefn og það þarf varla að taka fram hversu mikilvægur hann er!






Kally Sleep hefur í áraraðir sérhæft sig í byltingarkenndum svefnlausnum sem hjálpa viðskiptavinum að upplifa góðan djúpsvefn. Allar vörur Kally Sleep eru þróaðar og hannaðar í samráði við færustu sérfræðinga á sviði svefnráðgjafar og eru einungis framleiddar úr hágæða efnum fyrir hámarks þægindi.

**Kally heilsukoddinn fæst á boxid.is og í verslunum Super 1.**

BOXID SUPER 1

Kally Sleep®

Sleep Innovations, Styled Around You.

www.kallysleep.com

# Segulmagn Jakobs nær ekki Phil Collins

Stuðmaðurinn **Jakob Frímann Magnússon** ætlar að horfast í augu við sjálfan sig, hliðarsjálf sitt, Jack Magnet, fortíðina og roðann á tímamótatónleikum í Bæjarbíói á laugardagskvöld.

Tilefnið er ærið en Jakob ætlar með dyggum stuðningi Dísu dóttur sinnar, Valdimars, Eyþórs Gunnarssonar, Guðmundar Péturssonar, Róberts Þórhallssonar og Þorvaldar Þórs Þorvaldssonar að dusta rykið af manndómsvígslu sinni í sólóplötugerð, Horft í roðann, sem færði honum það sem hann kallar „risasamning við Warner Brothers“ í Bandaríkjunum og hefur getið af sér fjölda „djassskotinna grúvplatna allar götur síðan“.

Þegar Jakob freistaði gæfunnar úti í hinum stóra heimi á sínum tíma höguðu örlögin því þannig að Phil Collins, John Giblin og fleiri snillingar lögðu honum lið við hljóðfæraleikinn á plötunni.

„Horft í roðann kom út 1976 og hefur ekki verið fáanleg hér né annars staðar í 20 ár, en úr því verður bætt af þessu tilefni,“ segir Jakob í samtali við Fréttablaðið. „Platan speglar lífið handan móðunnar miklu og er almennt talin í dulúðlegri kantinum þó hún skarti nokkrum útvarpssmellum,“ segir Jakob.

„Tónlistin á plötunni er blanda af rokki, prog-rokki og djass-rokki, sneiðmynd af tíðarandaum þar sem prog-rokkið og djass-rokkið kemur saman á einni plötu. Það var kannski óvenjulegt og dálítið séríslenskt, en samt með bítlískum hætti þannig að það var komist upp með það að blanda saman svona ólíkum stílbrögðum á einni og sömu plötunni,“ segir Jakob. „Þetta þótti allavegana nógu framandlegt og exótískt í Los Angeles 1977 til þess að ég fékk tvo hljómplötusamninga á borðið nánast um leið og ég mætti á svæðið.“

**ÞETTA ÞÓTTI ALLAVEGANA NÓGU FRAMANDLEGT OG EXÓTÍSKT Í LOS ANGELES 1977 TIL ÞESS AÐ ÉG FÉKK TVO HLJÓMPLÖTUSAMNINGA.**

Jakob trommaði upp í upphafi sólóferilsins sem Jack Magnet, segulmagnaður gaur sem dró að sér hnífapör á umslagi samnefndrar plötu. Hann segir trúna á að hann væri segulmagnaður hafa verið útbreidda á þessum tíma og það segulmagn „er sem betur fer eins og segulmagn jarðar, óskert sem aldrei fyrr“, segir Jakob.

Kynngimagn Jacks er þó ekki slíkt að það dugi til þess að draga Phil Collins, trommara og síðar söngvara Genesis, að settinu annað kvöld. „Ég hélt góðu sambandi við hann fyrstu árin á eftir en hef ekki heyrt né séð þann góða mann um árabil,“ segir Jakob sem þó freistaði þess að fá Collins til liðs við sig á tónleikunum á morgun.

„En ég taldi það nú ekki beint raunhæft, meðal annars vegna þess að ég held að heilsu hans sé þannig háttað að það sé eitthvað af honum dregið. Hann hefur lagt svo hart að sér við trumbusláttinn með Genesis á sínum tíma,“ segir Jack Magnet sem hefur hins vegar sjaldan verið brattari.

Hann lætur þess jafnframt getið að svo gott sem uppselt sé á tónleikana annað kvöld og að vegna fjölda áskorana verði leikurinn endurtekinn þann 10. apríl.

**thorarinn@frettabladid.is**



Jack Magnet náði Phil Collins ekki til landsins í tilefni tónleikanna en segir hann hafa verið afskaplega þægilegan mann í viðkynningu.



Jakob segir tónlistina á hljómplötunni Horft í roðann hafa verið sneiðmynd af tíðarandanum með bræðingi prog-rokks og djassaðs rokks.

ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD





## Świadectwo kwalifikacji zawodowej
## Kurs odnawiający po polsku

Endurmenntun atvinnubílstjóra á Pólsku

**Rozpoczęcie**
**17.03 godz 10.00**
Zajęcia będą prowadzone w niedziele w zależności od ilości chętnych Więcej

informacji na **www.bilprof.is**
Ökuskólinn i Mjódd **s.5670300**
**Þarabakki 3 pierwsze piętro**

**Hefst sunnudaginn**
**17. mars kl 10-17**
og verða námskeið áfram á sunnudagsmorgnum eftir því sem þörf er á.

Sjá nánar á **www.bilprof.is**
Ökuskólinn í Mjódd **s. 567-0300**
**Þarabakki 3, 2.hæð**

Ökuskólinn Mjódd - Þarabakka 3 - 109 Reykjavík - s:5670300 - mjodd@bilprof.is

# Freddie fyllir Paradís

Miðar á svokallaða „singalong“-sýningu á Queen-myndinni Bohemian Rhapsody í Bíó Paradís í kvöld seldust upp á augabragði þannig að ljóst er að ekkert lát er á vinsældum þessarar bráðskemmtilegu en umdeildu myndar.

„Stóri salurinn hjá okkur verður bara stappfullur af æstum Queen-aðdáendum syngjandi hástöfum í efsta gír,“ segir Aron Víglundsson hjá Bíó Paradís þar sem brugðist var skjótt við með því að bæta við öðrum sal. „Við stefnum á að selja upp í sal 2 líka og náum því vonandi.“

Aron segir áhugann ekki beinlínis hafa komið þeim í Paradís á óvart en æsingurinn í fólki hafi verið mun meiri en búist var við. „Myndin er náttúrlega búin að vera mjög vinsæl þannig að þetta kom okkur svo sem ekkert á óvart en það gerði virknin á vefnum okkar þar sem fólk er að missa sig af spenningi yfir því að komast í þetta partí,“ segir Aron.

**Myndin er náttúrlega búin að vera mjög vinsæl þannig að þetta kom okkur svo sem ekkert á óvart .**

„Þetta er sérstök útgáfa af myndinni þar sem karókítextar birtast með undir lögunum og þessu verður blastað í tætlur í föstudagspartístemningu eins og okkur einum er lagið,“ segir Aron um Queen-ballið sem hefst í kvöld á slaginu átta. – þþ



Fullur salur af fólki mun taka undir með Freddie Mercury í Bíó Paradís.


Beltone Trust™
Hlustaðu
á hjartað þitt
Beltone Trust™ heyrnartækin gera þér kleift að heyra jafnvel minnstu smáatriði – sem stundum reynast þau mikilvægustu. Við hjá Heyrnarstöðinni leggjum allan okkar metnað í að veita góða þjónustu og bjóða upp á hágæða heyrnartæki. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.
Kringlunni • Sími 568 7777 • heyra.is
HEYRNARSTÖÐIN

ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR Á HALLVEIGARSTÍG

OPNUM LAUGARDAGINN 16.MARS KL.11:00 Í FAXAFENI 14

HRAÐAST VAXANDI MATVÖRU VERSLUNARKEÐJA Á ÍSLANDI

SUPER 1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - VERÐ

OPIÐ ALLA DAGA TIL 22:00





Eftir að hafa verið hjá Forlaginu síðan í æsku er Sif Jóhannsdóttir farin á nýjar slóðir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Freistar gæfunnar án Corleone-baklandsins

**Sif Jóhannsdóttir** er dóttir bókaútgefandans Jóhanns Páls Valdimarssonar. Segist loksins vera „flutt að heiman" á nýjar slóðir eftir að hafa starfað allt sitt líf hjá rótgrónu fjölskyldufyrirtækinu.

Sif Jóhannsdóttir fæddist bókstaflega inn í útgáfubransann. Hún er dóttir einhvers umsvifamesta bókaútgefanda síðari tíma, Jóhanns Páls Valdimarssonar í Forlaginu, og þar með barnabarn Valdimars Jóhannssonar í Iðunni.

Forlagið er rótgróið fjölskyldufyrirtæki og því ekkert eðlilegra og sjálfsagðara en að Forlagsbörnin hafi ung lagst á árarnar með foreldrunum, Jóhanni Páli og Guðrúnu Sigfúsdóttur.

Sif var á barnsaldri þegar hún byrjaði að sýsla með bækur og hefur alla tíð starfað með sínum nánustu en nú er komið að kaflaskilum og hún er byrjuð að vinna hjá ráðgjafarstofunni Aton. Er loksins flutt að heiman, eins og hún orðar það.

„Ætli ég hafi ekki verið svona sextán, sautján ára þegar ég byrjaði að selja áskriftir í bókaklúbba, stökkva inn á lager og grípa í eitt og annað. Og var náttúrlega búin að vera að afgreiða í Iðunni sem barn," segir Sif.

Hún segir Forlagið algjörlega vera fjölskyldufyrirtæki af gamla skólanum. Faðir hennar stofnaði það og fjölskyldan öll hefur verið virk í rekstrinum. Foreldrar hennar settust í helgan stein fyrir nokkrum árum og lögðust í heimshornaflakk en Egill Örn, stóri bróðir hennar, stýrir skútunni af genetísku öryggi.

„Ég get ekki neitað því að þetta er stór ákvörðun og tilfinningin er ljúfsár," segir Sif um vistaskiptin. „Að sumu leyti er þetta þó líka bara ofboðslega þörf ákvörðun vegna þess að þegar maður er búinn að vera í einhverju í svona mörg ár þá veltir maður því stundum fyrir sér hvað annað sé þarna úti. Og hvernig allt þetta sem maður er búin að læra á þessum vettvangi muni reynast manni úti í hinum stóra heimi."

### Dásamlegur bransi

„Menningarbransinn er náttúrlega alveg dásamlegt fyrirbæri og það er geggjað að hafa alist upp í honum. Ég hef lært alveg svakalega mikið og unnið með frábæru fólki; samstarfsfólkinu hjá fyrirtækinu, og svo öllum þessum rithöfundum og síðan erlendum útgefendum," segir Sif sem siglir á ný mið með stórt tengslanet. „Það er náttúrlega samt æðislegt að fá að breyta til og það er ljúfi parturinn af þessu. Að fá að fara úr þessu verndaða umhverfi og reyna fyrir sér úti í hinum stóra heimi. Þetta er bara eins og að fara að heiman, þannig að mér líður að einhverju leyti eins og ég sé að verða fullorðin."

### Mikið bókvit í askinum

Eftir að Sif lauk MBA-námi við Háskólann í Reykjavík vaknaði ævintýraþráin fyrir alvöru.

„Þetta nám opnaði einhvern veginn huga minn og fékk mig til þess að langa að stíga aðeins út úr bókabransanum. Þetta er stjórnendanám sem fer í raun yfir öll sviðin og þess vegna fannst mér Aton líka svo svakalega spennandi vegna þess að vinnan þar er nákvæmlega svona. Við erum í mjög fjölbreyttum verkefnum, krísustjórnun, upplýsingamiðlun og alhliða samskiptum og aðstoðum fjölmarga aðila í þeim efnum, bæði inn á við og út á við."

### Corleone-fjölskyldan stendur þétt saman

„Bókaútgáfan sameinar í rauninni skapandi greinar og viðskiptaheiminn og ég finn það líka strax hjá Aton að grunnurinn sem var lagður hjá Forlaginu er algjörlega frábær."

Feðgarnir Jóhann Páll og Egill Örn eru stundum kallaðir „Corleone-feðgarnir" í gríni með vísan til fjölskyldunnar í Guðföðurnum, enda fjölskyldan samhent í bransanum.

Sif segir aðspurð að fjölskyldubókböndin séu ekki jafn römm og hjá hinni einu sönnu Corleone-fjölskyldu þannig að hún þyki alls ekki vera að hlaupast undan fjölskyldumerkjum. Þvert á móti.

„Nei, alls ekki og ég held að þau skilji ofboðslega vel þessa þörf mína. Þannig að þetta er allt í góðu og fullkominn skilningur á því að stundum verður maður að ögra sér. Pabbi steig nú líka út úr bókabransanum í svolítinn tíma og hefur alveg blandað þessu saman líka og ekki bara verið kenndur við bókina."

**thorarinn@frettabladid.is**



**Corleone-fjölskyldan stendur þétt að baki Sif sem er hætt í fjölskyldubransanum.** FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðardóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*


ENN HOLLARI OLÍA
það byrjar allt með fjórum fræjum
Lesieur
isio 4
OMEGA 3 & 6
+ D- & E-VÍTAMÍN
NAUÐSYNLEGAR FYRIR LÍKAMANN
ISIO 4 FÆRIR ÞÉR MIKILVÆG NÆRINGAREFNI
4 GRAINES
dont du LIN
Riche en
Oméga 3
VITAMINES D & E
ORIGINE FRANCE*

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**

**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Þórarins Þórarinssonar




## Þrúgur gleðinnar

Sjálfsagt er dældum og ryðblettum á sál minni um að kenna að ég hef löngum heillast af átökum og illdeilum hvers konar. Helst samt þegar ég á ekki hlut að máli og get notið þess að fylgjast með úr hæfilegri fjarlægð, nú eða skrifa um, þegar þeir einir eigast við að ég hirði aldrei þó að drepist.

Ég hef upplifað nokkur verkföll á passlega langri ævi án þess þó að hafa þurft að leggja niður störf sjálfur. Líklega þess vegna sem mér finnst eitthvað ómótstæðilega heillandi við harðar vinnudeilur. Ég var þrettán ára þegar stóra BSRB-verkfallið skall á 1984 og á alveg sérstaklega hlýjar og rómantískar bernskuminningar frá þeim tíma. Eðlilega. Þetta var geggjað. Skólinn lokaður í mánuð og við krakkarnir nutum lífsins og frelsisins í botn.

Ég varð helst var við neikvæðar afleiðingar verkfallsins þegar fór að bera á skorti á Winston-sígarettum. Þetta var í þá daga þegar börn gátu keypt sígarettur úti í sjoppu án þess að framvísa miða frá foreldrum.

Í verkfallinu þurfti maður samt að hafa miða. Eða kannski frekar lista. Pabbi reykti Winston og ef þær voru ekki til þá átti ég fyrst að biðja um Gold Coast, síðan Royale en ekki kaupa Viceroy nema í algerri neyð. Sem betur fer minnir mig að verkfallinu hafi lokið áður en pabbi þurfti að reykja mikið af því ógeði.

Þetta voru stórkostlegir umbrotatímar fyrir áhyggjulausa krakka en þegar maður sleppir bernskurómantíkinni þá eru verkföll helvítis fokkings fokk og að mér læðist sá illi grunur að ef allt fer hér í bál og brand á næstunni muni börnin mín ekki horfa til baka með glýju í augunum þegar þau nálgast fimmtugt.








